

# MÁLSMEDFERÐARREGLUR EFTA-DÓMSTÓLSINS

## EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGSÁKVÆÐI</b> .....	<b>7</b>
1. gr. Skilgreiningar .....	7
2. gr. Markmið .....	7
<b>I. HLUTI SKIPULAG DÓMSTÓLSINS</b> .....	<b>8</b>
1. KAFLI DÓMARAR .....	8
3. gr. Upphafsdagsetning skipunartíma dómara .....	8
4. gr. Eiður .....	8
5. gr. Heit .....	8
6. gr. Dómara vikið úr embætti .....	8
7. gr. Röðun eftir starfsaldri .....	8
2. KAFLI FORSETI .....	9
8. gr. Kosning forseta .....	9
9. gr. Ábyrgð forseta .....	9
10. gr. Forföll forseta .....	9
3. KAFLI SKRIFSTOFA DÓMSTÓLSINS .....	9
11. gr. Ráðning dómritara .....	9
12. gr. Aðstoðardómritari .....	10
13. gr. Forföll dómritara og aðstoðardómritara .....	10
14. gr. Verkefni dómritara .....	10
15. gr. Málaskrá .....	10
16. gr. Aðgangur að málaskrá og að dómum og úrskurðum .....	11
17. gr. Heimild til að aðstoða við skráningu mála .....	11
4. KAFLI STARFSMENN .....	11
18. gr. Ráðning .....	11
19. gr. Skipulag .....	12
5. KAFLI STARFSEMI DÓMSTÓLSINS .....	12
20. gr. Starfsár dómstólsins .....	12
21. gr. Tilnefning framsögumanns .....	12
22. gr. Afturköllun umboðs dómara eða vanhæfi .....	12
23. gr. Forföll dómara .....	13
24. gr. Dómþing .....	13
25. gr. Bókanir .....	13
26. gr. Umfjöllun um niðurstöðu máls .....	13
27. gr. Ákvarðanir dómstólsins - ákvörðunarbær meirihluti .....	13
28. gr. Ársskýrsla .....	14

6. KAFLI TUNGUMÁL .....	14
29. gr. Tungumál dómstólsins .....	14
30. gr. Málsmeðferð fyrir ráðgefandi álit .....	14
31. gr. Vitni.....	15
32. gr. Útgáfa á vegum dómstólsins .....	15

## II. HLUTI 15

### SAMEIGINLEG MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI ..... 15

1. KAFLI RÉTTINDI OG SKYLDUR UMBOÐSMANNA, RÁÐGJAFI OG LÖGMANNA .....	15
33. gr. Forréttindi, friðhelgi og aðstaða .....	15
34. gr. Staða fulltrúa aðila.....	15
35. gr. Afsal friðhelgi.....	16
36. gr. Útilokun frá málsmeðferð.....	16
2. KAFLI TILKYNNING OG BIRTING .....	16
37. gr. Tilkygning um beiðni um ráðgefandi álit.....	16
38. gr. Kostir um aðferðir við birtingu .....	16
3. KAFLI FRESTIR .....	17
39. gr. Útreikningur á frestum .....	17
40. gr. Höfðun máls vegna ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA .....	18
41. gr. Vegalengd.....	18
42. gr. Tilgreining og framlenging fresta.....	18
43. gr. Óviðráðanleg atvik .....	18
4. KAFLI MISMUNANDI MEÐFERÐ MÁLA.....	18
44. gr. MÁLSMEÐFERÐ.....	18
45. gr. Nafnleynd og úrfelling tiltekinna upplýsinga gagnvart almenningi.....	19
46. gr. Sameining mála .....	19
47. gr. Frestun málsmeðferðar .....	19
48. gr. Frestun á ákvörðun máls.....	20
5. KAFLI GJAFSÓKN .....	20
49. gr. Gjafsókn .....	20
50. gr. Umsókn um gjafsókn.....	20
51. gr. Ákvörðun um umsókn um gjafsókn .....	21
52. gr. Fyrirframgreiðsla og ábyrgð á kostnaði .....	21
53. gr. Afturköllun gjafsóknar .....	22
6. KAFLI SKRIFLEG MÁLSMEÐFERÐ.....	22
54. gr. Framlagning málskjala.....	22
7. KAFLI FRUMSKÝRSLA .....	22
55. gr. Frumskýrsla.....	22
8. KAFLI RÁÐSTAFANIR VARÐANDI MÁLSMEÐFERÐ OG GAGNAÖFLUN .....	23
56. gr. Ráðstafanir varðandi málsmeðferð og gagnaöflun.....	23

57. gr. Ráðstafanir varðandi málsmeðferð.....	23
58. gr. Ráðstafanir varðandi gagnaöflun.....	24
59. gr. Meðferð trúnaðarupplýsinga .....	24
60. gr. Skjöl sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafnað aðgangi að .....	24
9. KAFLI BOÐUN OG YFIRHEYRSLA VITNA OG SÉRFRÆÐINGA.....	25
61. gr. Munnlegar skýrslur.....	25
62. gr. Vitnaleiðslur .....	25
63. gr. Sérfræðiskýrslur .....	25
64. gr. Skyldur vitna og sérfræðinga .....	26
65. gr. Mótmæli gegn vitni eða sérfræðingi.....	26
66. gr. Kostnaður vitna og sérfræðinga.....	26
67. gr. Bókanir úr rannsóknarþinghaldi .....	27
68. gr. Réttarbeiðni .....	27
10. KAFLI MUNNLEG MÁLSMEÐFERÐ.....	27
69. gr. Upphafsdagur munnlegrar málsmeðferðar .....	27
70. gr. Niðurfelling munnlegrar málsmeðferðar .....	27
71. gr. Skýrsla framsögumanns .....	28
72. gr. Fjarvera aðila frá munnlegum málflutningi.....	28
73. gr. Sameiginlegt þinghald.....	28
74. gr. Munnlegur málflutningur .....	28
75. gr. Lokað þinghald.....	28
76. gr. Heimild til þátttöku í munnlegri málsmeðferð .....	28
77. gr. Lok munnlegrar málsmeðferðar .....	29
78. gr. Opnun eða endurupptaka á munnlegum hluta málsmeðferðar .....	29
79. gr. Bókun munnlegs málflutnings.....	29
11. KAFLI DÓMAR OG ÚRSKURÐIR .....	29
80. gr. Upplýsingar um dagsetningu dómsuppkvaðningar .....	29
81. gr. Efni dóms .....	29
82. gr. Dómsuppkvaðning og birting dóms .....	30
83. gr. Efni úrskurðar.....	30
84. gr. Undirritun og birting úrskurðar .....	31
85. gr. Bindandi áhrif dóma og úrskurða .....	31
86. gr. Tilkynning .....	31
87. gr. Leiðrétting dóma og úrskurða .....	31
<b>III. HLUTI 32</b>	
<b>MÁLSMEÐFERÐ VIÐ RÁÐGEFANDI ÁLIT .....</b>	<b>32</b>
1. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI .....	32
88. gr. Efni beiðnar um ráðgefandi álit.....	32
89. gr. Nafnleynd.....	32

90. gr. Þátttaka í meðferð máls um ráðgefandi álit .....	32
91. gr. Aðilar að aðalmeðferð .....	32
92. gr. Þýðing og birting á beiðni um ráðgefandi álit .....	33
93. gr. Svar með rökstuddum úrskurði .....	33
94. gr. Afturköllun máls til meðferðar hjá dómstólnum .....	33
95. gr. Beiðni um skýringar .....	33
96. gr. Kostnaður af meðferð máls um ráðgefandi álit .....	33
97. gr. Túlkun á ráðgefandi álitum .....	33
<b>2. KAFLI FLÝTÍMEÐFERÐ.....</b>	<b>34</b>
98. gr. Flýtimeðferð .....	34
99. gr. Framlagning og birting málskjala .....	34
<b>IV. HLUTI BEIN MÁLSHÖFÐUN .....</b>	<b>34</b>
<b>1. KAFLI FYRIRSVAR AÐILA .....</b>	<b>34</b>
100. gr. Skylda til að njóta fyrirsvars.....	34
<b>2. KAFLI SKRIFLEG MÁLSMEÐFERÐ.....</b>	<b>35</b>
101. gr. Efni stefnu .....	35
102. gr. Upplýsingar um birtingu .....	35
103. gr. Viðaukar við stefnuna .....	35
104. gr. Breyting á stefnu .....	36
105. gr. Nauðsynlegum skjöl ekki lögð fram.....	36
106. gr. Birting stefnu.....	36
107. gr. Greinargerð stefnda .....	37
108. gr. Andsvar og gagnsvar .....	37
109. gr. Jafnræði aðila .....	37
<b>3. KAFLI MÁLSÁSTÆÐUR OG SÖNNUNARGÖGN.....</b>	<b>37</b>
110. gr. Nýjar málsástæður.....	37
111. gr. Sönnunargögn.....	38
<b>4. KAFLI MEÐALGANGA .....</b>	<b>38</b>
112. gr. Markmið og áhrif meðalgöngu.....	38
113. gr. Meðalgöngustefna .....	38
114. gr. Ákvörðun um meðalgöngustefnur .....	39
115. gr. Athugasemdir meðalgönguaðila .....	39
<b>5. KAFLI FLÝTÍMEÐFERÐ.....</b>	<b>39</b>
116. gr. Flýtimeðferð .....	39
117. gr. Skrifleg málsmeðferð .....	40
118. gr. Meðalganga í flýtimeðferð .....	40
119. gr. Munnleg málsmeðferð.....	40
<b>6. KAFLI KOSTNAÐUR .....</b>	<b>41</b>
120. gr. Ákvörðun um kostnað .....	41

121. gr. Almennar reglur um skiptingu kostnaðar .....	41
122. gr. Kostnaður meðalgönguaðila.....	41
123. gr. Kostnaður við niðurfellingu eða afturköllun .....	41
124. gr. Kostnaður þegar mál fer ekki til dóms .....	42
125. gr. Málskostnaður .....	42
126. gr. Endurkræfur kostnaður.....	42
127. gr. Ágreiningur um kostnað sem á að endurheimta .....	42
128. gr. Tilhögun greiðslu .....	42
<b>V. HLUTI AFBRIGÐILEG MÁLSMEÐFERÐ .....</b>	<b>43</b>
1. KAFLI SKIPAN FRAMSÖGUMANNS .....	43
129. gr. Verkefni framsögumanns .....	43
2. KAFLI UPPGJÖR, NIÐURFELLING, MÁL SEM EKKI GANGA TIL DÓMS, FRÁVÍSUNARKRÖFUR OG RÉTTARFARSÁGREININGUR .....	43
130. gr. Samkomulag.....	43
131. gr. Niðurfelling .....	43
132. gr. Mál ganga ekki til dóms .....	43
133. gr. Frávísunarkröfur og réttarfarságreiningur .....	44
3. KAFLI ÚTVISTARDÓMUR .....	44
134. gr. Útvistardómur.....	44
135. gr. Krafa um að fella útvistardóm úr gildi .....	44
4. KAFLI BEIÐNIR OG KRÖFUR TENGDAR DÓMUM OG ÚRSKURÐUM.....	45
136. gr. Vandæmt í máli .....	45
137. gr. Málsókn þriðja aðila .....	45
138. gr. Túlkun dóma og úrskurða.....	46
139. gr. Endurupptaka.....	46
5. KAFLI FRESTUN AÐGERÐA EÐA FULLNUSTU OG AÐRAR BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR .....	47
140. gr. Beiðni um frestun eða bráðabirgðaráðstafanir.....	47
141. gr. Ákvörðun um beiðni.....	47
142. gr. Úrskurður um frestun aðgerða eða bráðabirgðaráðstafanir .....	47
143. gr. Breytingar á aðstæðum .....	47
144. gr. Ný beiðni .....	48
145. gr. Frestun samkvæmt 19. gr. SED.....	48
<b>LOKAÁKVÆÐI.....</b>	<b>48</b>
146. gr. Viðbótarreglur .....	48
147. gr. Framkvæmdarreglur .....	48
148. gr. Myndfundir.....	48
149. gr. Niðurfelling .....	48
150. gr. Útgáfa og gildistaka.....	49

<b>I. viðauki – Ákvörðun dómstólsins frá 12. desember 2016 um framlagningu og birtingu málskjala í gegnum e-EFTACourt (2017/C 73/09) .....</b>	<b>50</b>
<b>II. viðauki – Skrá yfir landsyfirvöld sem um getur í 5. mgr. 51. gr., 2. mgr. 64. gr. og 3. mgr. 68. gr.: .....</b>	<b>52</b>

## EFTA-DÓMSTÓLLINN,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 2. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af þeim valdheimildum sem dómstólnum eru fengnar með samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum 2. mgr. 43. gr. samningsins og 43. gr. bókunar 5 við hann (stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins),

með hliðsjón af samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna,

setur

hér með eftirfarandi

### MÁLSMEDFERÐARREGLUR:

## INNGANGSÁKVÆÐI

### 1. gr.

#### Skilgreiningar

1. Í reglum þessum merkir:

- (a) „EES-samningurinn“, meginmál samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókanir við hann og viðauka, auk þeirra gerða sem þar er vísað til,
- (b) „SED“, samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, bókanir og viðauka við hann,
- (c) „stofnsamþykkt“, bókun 5 við SED um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins,
- (d) „EFTA-ríki“, aðila að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), sem er aðili að EES-samningnum og SED,
- (e) „aðildarríki ESB“, aðildarríki Evrópusambandsins sem er aðili að EES-samningnum,
- (f) „hagsmunaaðilar“, ríki og stofnanir sem er heimilt samkvæmt 20. gr. stofnsamþykktarinnar að skila athugasemdum til dómstólsins,
- (g) „aðili“ og „aðilar“, nema annað sé tilgreint, allir aðilar málsins, þ.m.t. meðalgönguaðilar,
- (h) „aðalaðili“ og „aðalaðilar“, stefnandi eða stefndi eða báðir aðilarnir, eftir því sem við á,
- (i) „settur dómari“, einstaklingur sem kemur í stað dómara og er valinn af lista sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna hafa gert sameiginlega, eins og kveðið er á um í fjórðu málsgrein 30. gr. SED. Viðkomandi skal valinn úr hópi þeirra einstaklinga á listanum sem tilnefndir voru af þeirri ríkisstjórn sem tilnefndi þann dómara hvers sæti þarf að fylla.

2. Líta skal svo á að allar tilvísanir í karlkyni vísi til allra kynja eins og við á.

### 2. gr.

#### Markmið

Þessar reglur útfæra og bætast við, að því marki sem nauðsyn krefur, viðeigandi ákvæði EES-samningsins, SED og stofnsamþykktar.

**I. HLUTI**  
**SKIPULAG DÓMSTÓLSINS**

**1. KAFLI**  
**DÓMARAR**

*3. gr.*

*Upphafsdagsetning skipunartíma dómara*

Skipunartími dómara hefst á þeim degi sem tilgreindur er í skipunarbréfi hans. Sé upphafsdagur ekki tilgreindur skal skipun teljast frá dagsetningu skipunarbréfs.

*4. gr.*

*Eiður*

Á fyrsta dómþingi í heyranda hljóði, sem dómari situr eftir skipun í embætti, en áður en hann tekur til starfa, skal hann í samræmi við 2. gr. stofnsamþykktarinnar sverja svofelldan eið eða, að öðrum kosti, sverja eftirfarandi drengskaparheit:

„Ég sver að ég muni gegna störfum mínum án hlutdrægni og af samvisekusemi; ég sver að ég mun gæta trúnaðar varðandi umfjöllun EFTA-dómstólsins um niðurstöðu mála.“

*5. gr.*

*Heit*

Þegar eiður hefur verið svarið skal dómari, í samræmi við 4. gr. stofnsamþykktarinnar, skuldbinda sig til, bæði á meðan hann er í embætti og eftir að störfum hans lýkur, að virða skuldbindingar sem því tengjast og einkum þá skyldu sína að fara fram með heiðarleika og varfærni er hann að loknum embættisstörfum tekur að sér önnur störf eða nýtur hlunninda.

*6. gr.*

*Dómara vikið úr embætti*

1. Þegar leitað er til dómstólsins um ákvörðun, í samræmi við 6. gr. stofnsamþykktarinnar, um það hvort dómari fullnægi ekki lengur nauðsynlegum skilyrðum eða standist ekki kröfur sem fylgja starfinu, skal forseti dómstólsins bjóða þeim dómara, sem í hlut á, að tjá sig um málið fyrir dómstólnum fyrir luktum dyrum og að dómritara fjarstöddum.

2. Dómstóllinn skal taka ákvörðun í fjarveru dómritara. Hlutaðeigandi dómari skal ekki taka þátt í þeirri umfjöllun.

*7. gr.*

*Röðun eftir starfsaldri*

1. Reikna skal starfsaldur dómara miðað við þann dag er þeir tóku til starfa.
2. Röðun ræðst af aldri, ef starfsaldur er hinn sami.
3. Dómarar skulu halda fyrri starfsaldri sínum þegar skipun þeirra er endurnýjuð.



4. Dómarar valdir af listanum sem kveðið er á um í fjórðu málsgrein 30. gr. SED skulu raðast á eftir reglulegum dómurum. Ef tveir eða fleiri slíkir dómarar dæma í sama máli ræður aldur röð þeirra á milli.

## 2. KAFLI FORSETI

### 8. gr. *Kosning forseta*

1. Dómararnir skulu í samræmi við þriðju málsgrein 30. gr. SED kjósa sér forseta úr eigin röðum til þriggja ára.
2. Ef sæti forseta verður autt áður en kjörtímabili hans lýkur, kýs dómstóllinn nýjan forseta til loka þess tímabils.
3. Kosning samkvæmt þessari grein skal vera leynileg. Hjóti dómari hreinan meirihluta telst hann kjörinn. Ef enginn dómara fæ hreinan meirihluta ber að kjósa aftur. Sá dómari sem fær flest atkvæði í þeirri umferð telst kjörinn. Fáir tveir eða fleiri dómarar jafnmörg atkvæði telst sá kjörinn sem elstur er.
4. Nafn forseta sem kosinn er í samræmi við þessa grein skal birta í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

### 9. gr. *Ábyrgð forseta*

1. Forseti kemur fram fyrir hönd dómstólsins.
2. Forseti stýrir dómstörfum og stjórnslu dómstólsins. Hann skal vera í forsæti á dómþingum, við umfjöllun um niðurstöðu mála og á stjórnarfundum.
3. Forseti skal tryggja að dómstóllinn starfi sem skyldi.

### 10. gr. *Forföll forseta*

Ef forseti dómstólsins er forfallaður eða sæti hans er autt, skal sá hinna dómara gegna störfum forseta sem hefur hæstan starfsaldur samkvæmt þeirri röðun sem mælt er fyrir um í 7. gr.

## 3. KAFLI SKRIFSTOFA DÓMSTÓLSINS

### 11. gr. *Ráðning dómritara*

1. Dómstóllinn skal ráða dómritara.
2. Þegar staða dómritara er laus skal auglýsa hana opinberlega og bjóða þeim sem áhuga hafa að senda inn umsóknir sínar innan þriggja vikna ásamt ítarlegum upplýsingum, þ.m.t. um aldur, þjóðerni, háskólagráður, tungumálakunnáttu, núverandi og fyrri störf og reynslu af dómsmálum og alþjóðamálum.
3. Ráðningu dómritara skal haga samkvæmt þeim reglum sem fram koma í 3. mgr. 8. gr.

4. Dómritari er ráðinn til þriggja ára í senn. Hann má endurráða. Dómstóllinn getur ákveðið að endurráða starfandi dómritara án þess að fylgja því ferli sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.

5. Dómritari skal sverja þann eið sem kveðið er á um í 4. gr. og undirrita yfirlýsinguna sem kveðið er á um í 5. gr.

6. Dómritara verður aðeins vikið úr starfi fullnægi hann ekki lengur nauðsynlegum skilyrðum eða standist ekki lengur þær kröfur sem fylgja starfinu. Dómstóllinn skal taka ákvörðun sína eftir að hafa gefið dómritara kost á að tjá sig.

7. Ef starf dómritara losnar áður en ráðningartíma lýkur, skal dómstóllinn ráða nýjan dómritara til þriggja ára.

8. Nafn dómritara sem ráðinn er í samræmi við þessa grein skal birta í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

#### *12. gr. Aðstoðardómritari*

Dómstóllinn getur ráðið aðstoðardómritara til að aðstoða dómritara og taka sæti hans ef hann er forfallaður.

#### *13. gr. Forföll dómritara og aðstoðardómritara*

Ef dómritari er forfallaður og aðstoðardómritari einnig skal forseti fela starfsmanni að sinna hlutverki dómritara sé þess þörf.

#### *14. gr. Verkefni dómritara*

1. Dómritari er, í nafni forseta, ábyrgur fyrir móttöku, afhendingu og varðveislu allra skjala og á að veita þjónustu samkvæmt reglum þessum.

2. Dómritari skal aðstoða dómara í öllum opinberum störfum þeirra.

3. Dómritari skal hafa forræði yfir innsiglium og er ábyrgur fyrir skjalasafni. Hann hefur yfirumsjón með útgáfum dómstólsins, einkum skýrslum EFTA-dómstólsins og birtingu skjala um dómstóllinn á netinu.

4. Hann ber í nafni forseta ábyrgð á stjórnun starfsfólks og stjórnsýslu dómstólsins og á fjármálastjórn hans og reikningum, þ.m.t. gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar.

5. Dómstóllinn setur dómritara erindisbréf eftir tillögu forseta.

6. Dómritari skal vera viðstaddur þegar dómstóllinn kemur saman, nema kveðið sé á um annað í þessum reglum.

#### *15. gr. Málaskrá*

1. Dómritari ber ábyrgð á að halda málaskrá á skrifstofu dómstólsins þar sem skrá skal öll málsskjöl og fylgigögn þeirra í þeirri röð sem þau berast.

2. Þegar skjal hefur verið skráð, ritar dómritari athugasemd um það á frumrit þess og, sé þess krafist af aðila máls, á afrit sem hann lætur í té í því skyni.
3. Færsla í málaskrá og áritun samkvæmt undanfarandi málsgrein er frumgagn.
4. Reglur um færslu málaskrár skulu settar í erindisbréf fyrir dómritara samkvæmt 5. mgr. 14. gr.
5. Tilkynning skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau þar sem fram kemur dagsetning skráningar stefnu, nöfn aðila, kröfur sóknaraðila og samantekt á málsástæðum og lagarökum og helstu röksemdum eða, eftir því sem við á, dagsetning innlagnar beiðni um ráðgefandi álit, heiti álitshandandi dómstóls eða réttar (hér eftir „dómstóll“), aðilar að aðalmeðferð og spurningar sem vísað er til dómstólsins.

#### 16. gr.

##### *Aðgangur að málaskrá og að dómum og úrskurðum*

1. Allir hafa aðgang að málaskrá skrifstofu dómstólsins og geta fengið afrit eða útdrátt, þ.m.t. staðfest afrit af dómum og úrskurðum, gegn greiðslu gjalds, sem dómstóllinn ákveður eftir tillögu dómritara.
2. Aðilar máls geta, með fyrirvara um 59. og 60. gr., gegn greiðslu gjalds sem kveðið er á um í undanfarandi málsgrein, fengið staðfest afrit af málkjölum og staðfest afrit af úrskurðum og dómum.
3. Engum þriðja aðila, hvorki einkaaðila né opinberum aðila, má veita aðgang að málgögnum án þess að forsetinn hafi veitt fyrir því beina heimild, eftir að aðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig. Slíka heimild má aðeins veita, í heild eða að hluta, að fenginni skriflegri beiðni ásamt ítarlegri skýringu á lögmætum hagsmunum þriðja aðila til að fá aðgang að málgögnum.
4. Dómstólnum er heimilt að setja reglur um aðgang að eldri málsskjölum dómstólsins.

#### 17. gr.

##### *Heimild til að aðstoða við skráningu mála*

Að fengnu samþykki EFTA-ríkjanna er dómstólnum heimilt að veita alþjóðlegum dómsaðilum aðstoð við skráningu mála.

## 4. KAFLI STARFSMENN

#### 18. gr. *Ráðning*

1. Starfsmenn dómstólsins skulu ráðnir í samræmi við ákvæði starfsmannareglna EFTA-dómstólsins.
2. Áður en starfsmaður tekur til starfa, skal hann, að dómritara viðstöddum, sverja svofelldan eið eða, að öðrum kosti, drengskaparheit, fyrir forseta:

„Ég sver að sinna af trúnaði, varfærni og samvirkusemi þeim störfum sem mér verða falin af EFTA-dómstólnum.“

19. gr.  
*Skipulag*

Dómstóllinn kveður á um skipulag sitt og getur breytt því.

5. KAFLI  
STARFSEMI DÓMSTÓLSINS

20. gr.  
*Starfsár dómstólsins*

1. Dómsárið skal hefjast 1. janúar og ljúka 31. desember hvers almanaksárs.
2. Dómstóllinn ákveður réttarhlé.
3. Ef brýna nauðsyn ber til er forseta heimilt að kalla dómara saman á meðan réttarhléi stendur.
4. Dómstóllinn skal virða opinbera frídaga á þeim stað, þar sem hann hefur aðsetur.
5. Dómstóllinn getur veitt dómara leyfi frá störfum, ef við á.
6. Árlega skal birta dagsetningar réttarhléa og yfirlit opinberra frídaga í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

21. gr.  
*Tilnefning framsögumanns*

1. Eins fljótt og unnt er eftir að mál hefur verið skráð hjá dómstólnum, skal forseti tilnefna dómara til að vera framsögumaður í málinu.
2. Forseti skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tilnefna annan dómara sem framsögumann í forföllum tilnefnds framsögumanns.

22. gr.  
*Afturköllun umboðs dómara eða vanhæfi*

1. Ef dómari telur að hann eigi ekki að taka þátt í afgreiðslu máls, í samræmi við fyrstu og aðra málsgrein 15. gr. stofnsamþykktarinnar, skal hann upplýsa forseta um það sem leysir hann þá frá störfum.
2. Telji forseti að dómari eigi ekki að taka þátt í afgreiðslu máls í samræmi við fyrstu og aðra málsgrein 15. gr. stofnsamþykktarinnar skal hann tilkynna hlutaðeigandi dómara um það og gefa honum kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin.
3. Í samræmi við þriðju málsgrein 15. gr. stofnsamþykktarinnar skal skera úr öllum vafamálum varðandi beitingu þessarar greinar í samræmi við fjórðu málsgrein 30. gr. SED.
4. Ef umboð dómara er afturkallað eða hann leystur frá störfum í máli, samkvæmt þessari grein, skal setja dómara í hans stað í samræmi við fjórðu málsgrein 30. gr. SED.

*23. gr.  
Forföll dómara*

Sé dómstóllinn ekki fullskipaður vegna þess að dómari er forfallaður skal setja dómara í hans stað í samræmi við fjórðu málsgrein 30. gr. SED.

*24. gr.  
Dómþing*

1. Forseti ákveður hvenær dómþing skuli haldin.
2. Dómstólnum er heimilt að ákveða að koma saman annars staðar en þar sem hann hefur aðsetur.

*25. gr.  
Bókanir*

1. Ef dómritari er á dómþingi skal hann, ef þörf krefur, annast bókun sem forseti og dómritari undirrita.
2. Ef dómritari er ekki á dómþingi skal forseti, ef þörf krefur, fela þeim dómara sem stystan starfsaldur hefur, samkvæmt þeirri röðun sem mælt er fyrir um í 7. gr., að annast bókun sem sá dómari og forseti undirrita.

*26. gr.  
Umfjöllun um niðurstöðu máls*

1. Að loknu dómþingi skulu aðeins þeir dómara sem tóku þátt í dómþinginu taka þátt í umfjöllun um niðurstöðu málsins.
2. Hver sá dómari sem tekur þátt í umfjöllun um niðurstöðu máls skal lýsa afstöðu sinni og ástæðum hennar.
3. Sú niðurstaða sem meirihluti dómenda hefur komist að eftir lokaumfjöllun um mál skal ráða ákvörðun dómstólsins.
4. Umfjöllun dómara er og skal haldast leynileg.
5. Fjalli dómstóllinn um málefni, sem varða stjórnslu hans, skal dómritari vera viðstaddur, nema dómstóllinn ákveði annað.

*27. gr.  
Ákvarðanir dómstólsins - ákvörðunarþær meirihluti*

1. Ákvarðanir dómstólsins eru ekki gildar nema allir dómara hafi tekið þátt í umfjöllun um niðurstöðu málsins.
2. Sé dómstóllinn ekki fullskipaður vegna þess að dómari er forfallaður, hann er undanþeginn frá störfum eða umboð hans hefur verið afturkallað skal velja settan dómara í hans stað í samræmi við fjórðu málsgrein 30. gr. SED.
3. Ákvarðanir dómstólsins um eigin stjórnslu má taka að tveimur dómurum viðstöddum. Í slíkum málum ræður atkvæði forseta úrslitum.

28. gr.  
*Ársskýrsla*

1. Dómstóllinn skal birta skýrslur sínar, úrskurði, dóma og aðrar úrlausnir á vefsetri sínu.
2. Dómstóllinn getur ákveðið að gefa ársskýrslu sína út rafrænt.

6. KAFLI  
TUNGUMÁL

29. gr.  
*Tungumál dómstólsins*

1. Tungumál dómstólsins er enska. Þetta gildir um alla málsmeðferðina þar á meðal umfjöllun dómara, ákvarðanir og bókanir dómstólsins.
2. Enska skal notuð við skriflegan og munnlegan hluta málsmeðferðar nema mælt sé fyrir á annan hátt í reglum þessum.
3. Með fyrirvara um 30. gr. skulu öll fylgiskjöl, sem lögð eru fyrir dómstóllinn vera á ensku eða ensk þýðing fylgja þeim, nema dómstóllinn ákveði annað.
4. Ef skjöl eru umfangsmikil, er heimilt að lögð sé fram þýðing á útdrætti úr þeim. Dómstóllinn getur þó hvenær sem er, af eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni aðila, óskað eftir frekari þýðingu á skjali í heild eða að hluta.
5. Dómstóllinn getur heimilað aðila eða meðalgönguaðila, að beiðni aðilans eða annars meðalgönguaðila en hagsmunaaðila, að ávarpa dómstóllinn við munnlegan málflutning á opinberu tungumáli í EFTA-ríki eða ríki í Evrópusambandinu. Hið sama gildir um ávörp, sem beint er að aðila. Dómstóllinn skal sjá til þess að túlkað verði á og úr ensku. Beiðni sem hér um ræðir skal koma fram að minnsta kosti þremur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.

30. gr.  
*Málsmeðferð fyrir ráðgefandi álit*

1. Dómstóli sem lagt hefur fram beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt 34. gr. SED, er heimilt að setja fram beiðni sína á því tungumáli sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstól sem í hlut á. Dómstóllinn skal sjá til þess að beiðnin verði þýdd á ensku.
2. Álitsbeiðandi dómstóll og aðilar að máli, sem rekið er fyrir honum, geta lagt fyrir EFTA- dómstóllinn skjöl á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstól sem í hlut á. Slík skjöl skulu þýdd á ensku að því marki, sem EFTA-dómstóllinn telur nauðsynlegt. Dómstóllinn skal sjá til þess, að þýðing verði gerð.
3. Dómstóllinn skal sjá til þess að skýrsla framsögumanns verði þýdd þannig að hún verði einnig til reiðu á því tungumáli sem notað er við málsmeðferðina fyrir álitsbeiðandi dómstól.
4. Aðilum máls fyrir álitsbeiðandi dómstól er heimilt að ávarpa EFTA-dómstóllinn á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstól sem í hlut á. Hið sama er um ávörp, sem beint er að þessum aðilum. Dómstóllinn skal sjá til þess að túlkað verði á og úr ensku. Aðili sem óskar eftir því að nota slíkt tungumál skal tilkynna það dómritara að minnsta kosti þremur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.

5. Dóm dómstólsins skal kveða upp á ensku og á því tungumáli sem beiðnin var á. Dómurinn er jafngildur á báðum tungumálum.

*31. gr.  
Vitni*

Ef vitni eða sérfræðingur lýsir því yfir, að hann sé ófær um að tjá sig á fullnægjandi hátt á ensku, getur dómstóllinn heimilað honum að gefa skýrslu sína á öðru tungumáli. Dómstóllinn skal sjá til þess að túlkað verði. Beiðni sem hér um ræðir skal að jafnaði koma fram að minnsta kosti þremur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.

*32. gr.  
Útgáfa á vegum dómstólsins*

Dómstóllinn skal gefa efni sitt út á ensku, þýsku, íslensku eða norsku.

**II. HLUTI**  
**SAMEIGINLEG MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI**

**1. KAFLI**  
**RÉTTINDI OG SKYLDUR UMBOÐSMANNA, RÁÐGJAFAR OG LÖGMANNA**

*33. gr.  
Forréttindi, friðhelgi og aðstaða*

1. Umboðsmenn, ráðgjafar og lögmenn, sem koma fyrir dóminn eða fyrir aðra dómstóla, sem dómstóllinn hefur sent réttarbeiðni, skulu njóta friðhelgi vegna orða sinna, ritaðra eða talaðra, sem varða málið eða aðila þess.

2. Umboðsmenn, ráðgjafar og lögmenn skulu enn fremur njóta eftirfarandi forréttinda og aðstöðu:

- (a) Öll skjöl sem tengjast málsmeðferðinni skulu undanþegin bæði húsleit og haldi. Ef ágreiningur rís geta tollverðir eða lögregla innsiglað skjöl sem skulu síðan tafarlaust afhent dómstólnum til skoðunar. Dómritari og viðkomandi skulu vera viðstaddir.
- (b) Umboðsmenn, ráðgjafar og lögmenn skulu eiga rétt á þeim erlenda gjaldeyri, sem þeir kunna að þarfnast til þess að geta rækt skyldur sínar.
- (c) Umboðsmenn, ráðgjafar og lögmenn skulu eiga rétt á því að ferðast án nokkurra hindrana vegna starfa sinna.

*34. gr.  
Staða fulltrúa aðila*

1. Í því skyni að njóta þeirra forréttinda, friðhelgi og aðstöðu sem greinir í 33. gr. skulu aðilar, sem geta gert kröfu til þeirra, færa sönnur á stöðu sína á þennan hátt:

- (a) Umboðsmenn skulu leggja fram opinbert skjal sem gefið er út af þeim sem þeir starfa fyrir og skulu þeir án tafar afhenda dómritara afrit af því.

- (b) Lögmenn skulu framvísa skilríkjum um leyfi til málflutnings fyrir dómstóli í ríki sem er aðili að EES-samningnum og, séu þeir fulltrúar lögaðila sem lýtur einkarétti, heimild útgefna af aðilanum til að koma fram fyrir hans hönd.
- (c) Ráðgjafar skulu framvísa heimild til að koma fram fyrir hönd þess aðila sem þeir aðstoða, útgefni af þeim aðila.

2. Dómritari skal afhenda þeim skilríki, sé þess þörf. Gildi skilríkis er bundið við tiltekið tímabil, sem ýmist má lengja eða stytta eftir því hversu langan tíma málsmeðferð tekur.

*35. gr.  
Afsal friðhelgi*

1. Þau forrétindi, friðhelgi og aðstaða, sem lýst er í 33. gr. eru aðeins veitt í því skyni að tryggja tilhlýðilegan framgang málsmeðferðar.
2. Dómstólinn getur svipt mann friðhelgi, ef hann telur að það muni ekki koma niður á meðferð málsins.

*36. gr.  
Útilokun frá málsmeðferð*

1. Ef dómstóllinn eða forsetinn telur að umboðsmaður, ráðgjafi eða lögmaður sem kemur fyrir dómminn, forseta, dómara eða dómrítara sýni af sér hegðun sem er ósamboðin virðingu dómstólsins eða kröfum um tilhlýðilega réttarvörslu, eða að slíkur umboðsmaður, ráðgjafi eða lögmaður nýti sér réttindi sín í öðrum tilgangi en þeim sem þau eru veitt til, skal hann upplýsa viðkomandi aðila um það. Ef dómstóllinn upplýsir þau lögbæru yfirvöld sem viðkomandi er ábyrgur gagnvart skal áframsenda afrit af bréfinu, sem þeim er sent, til viðkomandi aðila.
2. Á sömu forsendum getur dómstóllinn hvenær sem er eftir að viðkomandi hefur tjáð sig ákveðið að útiloka umboðsmann, ráðgjafa eða lögmann frá málsmeðferðinni með rökstuddum úrskurði. Slíkur úrskurður tekur þegar gildi.
3. Þegar umboðsmaður, ráðgjafi eða lögmaður hefur verið útilokaður frá málsmeðferð, ber að fresta frekari meðferð máls, sem nánar er ákveðið af forseta dómstólsins, til þess að gefa aðila kost á að tilnefna nýjan umboðsmann, ráðgjafa eða lögmann.
4. Heimilt er að fella úr gildi ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari grein.

**2. KAFLI  
TILKYNNING OG BIRTING**

*37. gr.  
Tilkynning um beiðni um ráðgefandi álit*

Í málum, sem falla undir gildissvið 34. gr. SED, skal sá dómstóll í EFTA-ríki, sem ákveður að fresta málsmeðferð og vísa máli til dómstólsins, tilkynna dómstólnum um þá ákvörðun. Dómritari skal síðan tilkynna aðilum og hagsmunaaðilum um ákvörðunina ásamt enskri þýðingu á beiðninni.

*38. gr.  
Kostir um aðferðir við birtingu*

1. Birta má aðilum skjöl með pósti, í samræmi við 2. mgr., í gegnum e-EFTACourt, í samræmi við 3.



mgr. eða með öðrum tæknilegum samskiptaleiðum, í samræmi við 4. og 5. mgr.

2. Þar sem þessar málsmeðferðarreglur mæla svo fyrir, að skjal skuli birt fyrir aðila, skal dómritari sjá um að birting fari fram á birtingarstað hans, annaðhvort með því að senda skjalið í ábyrgðarbréfi ásamt eyðublaði fyrir móttökukvittun eða með boðsendingu afritsins gegn kvittun. Dómritari skal undirbúa og staðfesta afrit þeirra skjala, sem birta á, að svo miklu leyti, sem aðilar hafa ekki lagt til afrit samkvæmt 3. mgr. 54. gr.

3. Dómstóllinn getur með úrskurði ákveðið viðmiðun fyrir birtingu málsskjala með rafrænum eða öðrum tæknilegum hætti. Sú ákvörðun skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau og skal hún fylgja I. viðauka við þessar reglur.

4. Samþykki viðtakandinn birtingu gagnvart sér eftir einhverri annarri tæknilegri samskiptaleið má birta öll málsskjöl, þ.m.t. dóm eða úrskurð dómstólsins, með því að senda afrit af skjalinu með slíkum leiðum. Eigi að birta einstaklingi skjal með slíkum tæknilegum hætti telst birting fara fram þann dag sem dómstóllinn sendi viðkomandi skjalið með samþykktum tæknilegum hætti.

5. Sé ómögulegt eða óframkvæmanlegt, af tæknilegum ástæðum eða vegna eðlis eða stærðar skjalsins, að birta skjalið í samræmi við 4. mgr., skal birta skjalið, hafi viðtakandi ekki tilgreint birtingarstað, á heimilisfangi hans í samræmi við það sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar. Viðtakandinn skal upplýstur um það með tæknilegum samskiptaleiðum. Birting með ábyrgðarbréfi til viðtakanda telst hafa farið fram á 10. degi frá því að ábyrgðarbréf er lagt inn á pósthúsi þar sem dómstóllinn hefur aðsetur nema sýnt sé fram á með staðfestingu á móttöku að bréfið hafi borist annan dag eða viðtakandinn tilkynni dómritara, innan þriggja vikna frá því að hann fékk upplýsingar eftir tæknilegum samskiptaleiðum, að honum hafi ekki borist skjalið sem birta á.

### 3. KAFLI FRESTIR

#### 39. gr. *Útreikningur á frestum*

1. Allir málsmeðferðarfrestir sem EES-samningurinn, SED, stofnsamþykktin eða þessar reglur kveða á um skulu reiknast á eftirfarandi hátt:

- (a) Þar sem fresti er lýst í dögum, vikum, mánuðum eða árum, ber að miða upphaf hans við þann dag er sá atburður gerðist eða athöfn var framkvæmd, sem miðað er við. Sá dagur sem atburður gerðist á eða aðgerð var framkvæmd á, telst ekki falla innan þess frests sem um ræðir.
- (b) Fresti, sem mældur er í vikum, skal ljúka í dagslok sama vikudags síðustu viku frestsins og sá atburður á sér stað eða aðgerðirnar voru framkvæmdar sem mörkuðu upphaf frestsins.
- (c) Fresti, sem mældur er í mánuðum eða árum, skal ljúka í dagslok sama dags mánaðar eða árs og talið er frá og sá atburður á sér stað eða aðgerðirnar voru framkvæmdar sem mörkuðu upphaf frestsins. Ef síðasti dagur frests, sem mældur er í mánuðum eða árum, er ekki í síðasta mánuði hans skal fresturinn renna út í lok síðasta dags þess mánaðar.
- (d) Sé frestur gefinn upp í mánuðum og dögum skal fyrst reikna hann út í heilum mánuðum, síðan í dögum.
- (e) Laugardagar, sunnudagar og opinberir frídagar sem um getur í 20. gr. reiknast inn í frestinn.
- (f) Frestir lengjast ekki vegna réttarhlés sem um getur í 20. gr.

2. Ef fresti sem um ræðir ætti ella að ljúka á laugardegi, sunnudegi eða opinberum frídegi, skal hann

framlengdur til loka fyrsta vinnudags þar á eftir.

*40. gr.*

*Höfðun máls vegna ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA*

Frest til að höfða mál vegnaákvæðana Eftirlitsstofnunar EFTA skal telja frá næsta degi eftir að tilkynning um ákvörðun berst þeim manni, sem hún varðar. Ef opinber birting um ákvörðun fer fram, hefst fresturinn í lok fjórtánda dags eftir birtingu í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

*41. gr.*

*Vegalengd*

Frestir, sem mælt er fyrir um í EES-samningnum, SED, stofnsamþykktinni eða reglum þessum, verða ekki lengdir af þeirri ástæðu einni að um langan veg sé að fara fyrir viðkomandi.

*42. gr.*

*Tilgreining og framlenging fresta*

1. Fresti, sem kveðið hefur verið á um eftir þessum reglum, má lengja samkvæmt ákvörðun þess sem mælti fyrir um þá.
2. Forseti getur falið dómritara að kveða á um tiltekna fresti, eða framlengja slíka fresti, samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum, enda sé það þar falið forsetanum.
3. Málsskjöl sem lögð eru fram á skrifstofu dómstólsins að liðnum fresti sem forseti eða dómritari hefur ákveðið samkvæmt þessum reglum má aðeins samþykkja taki forsetinn ákvörðun þess efnis.

*43. gr.*

*Óviðráðanleg atvik*

Útrunninn frestur skal ekki verða til þess að hafa áhrif á rétt viðkomandi málsaðila ef hann getur sannað að fyrir því séu ófyrirsjáanlegar eða óviðráðanlegar ástæður.

4. KAFLI

MISMUNANDI MEÐFERÐ MÁLA

*44. gr.*

*MÁLMEÐFERÐ*

1. Með fyrirvara um sérákvæði í stofnsamþykktinni eða reglum þessum skal málsmeðferð fyrir dómstólnum skiptast í skriflegan og munnlegan hluta.
2. Með fyrirvara um ákvæði 3. til 5. mgr. skal dómstóllinn afgreiða þau mál sem fyrir honum liggja í þeirri röð sem þau verða tilbúin til meðferðar. Ef undirbúningi lýkur á sama tíma í tveimur eða fleiri málum, skal fjallað um þau í sömu röð og þau hafa verið færð í málaskrá.
3. Forseta er heimilt við sérstakar aðstæður að ákveða, að mál skuli hafa forgang fram yfir önnur.
4. Flýta má meðferð á beiðni um ráðgefandi álit í samræmi við skilyrði 2. kafla III. hluta.
5. Flýta má meðferð á beinni málshöfðun í samræmi við skilyrði 5. kafla IV. hluta.

45. gr.

*Nafnleynd og úrfelling tiltekinna upplýsinga gagnvart almenningi*

Forsetinn getur, að fenginni rökstuddri beiðni frá aðila í sérstöku skjali eða af eigin hvötum, eftir að hafa hlýtt á framsögumann, ákveðið að halda nafni deiluaðila leyndu eða annarra einstaklinga sem nefndir eru í tengslum við málsmeðferðina, eða halda leyndum tilteknum upplýsingum úr þeim skjölum sem varða mál sem almennigur hefur aðgang að, ef lögmætar ástæður eru fyrir því að gæta nafnleyndar eða trúnaðarupplýsinga.

46. gr.

*Sameining mála*

1. Dómstóllinn getur hvenær sem er, eftir að aðilum hefur verið gefinn kostur á að lýsa sjónarmiðum sínum, mælt fyrir um að tvö eða fleiri mál af sömu málategund, sem varða sama efni, verði vegna þessara tengsla sameinuð fyrir skriflegan eða munnlegan hluta málsmeðferðar eða ákvörðun sem lýkur málsmeðferð. Heimilt er síðar að aðskilja málin.
2. Allir aðilar sameinuðu málanna geta kannað gögn í viðkomandi málum hjá skrifstofu dómstólsins. Forsetinn getur hins vegar, að beiðni aðila, ákveðið að undanskilja tilteknar trúnaðarupplýsingar úr málgögnum frá þeirri könnun.
3. Með fyrirvara um 2. mgr. skal birta aðilum að sameinuðu málunum málskjöl sem fylgja gögnum þessara mála, að því tilskyldu að fulltrúar aðilanna óski þess og hafi samþykkt þá birtingaraðferð sem um getur í 3. mgr. 38. gr.

47. gr.

*Frestun málsmeðferðar*

1. Fresta má málsmeðferð:
  - a) að beiðni aðalaðila með samþykki hins aðalaðilans eða
  - b) ef tilhlýðileg réttarvarsla krefst þess.
2. Forseti skal taka ákvörðun um frestun málsmeðferðar eftir að framsögumanni og aðilum máls hefur verið gefinn kostur á að tjá sig, nema þegar um ráðgefandi álit er að ræða.
3. Málsmeðferð má hefja að nýju með ákvörðun forseta, sem tekin er samkvæmt sömu aðferð og kveðið er á um í 2. mgr., nema lengd frestsins hafi verið tilgreind í ákvörðuninni um að fresta.
4. Birta skal aðilum og hagsmunaaðilum ákvarðanir þær sem um getur í 2. og 3. mgr.
5. Frestun málsmeðferðar skal taka gildi á þeim degi sem fram kemur í ákvörðun um frestun en annars á þeim degi sem ákvörðun er tekin hafi dagsetning ekki verið tilgreind.
6. Þegar málsmeðferð er frestað skal lengja alla málsmeðferðarfresti á tímabilinu.
7. Ákvörðun um að hefja málsmeðferð að nýju áður en fresti lýkur, eða samkvæmt 8. mgr., skal tekin í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

8. Þar sem ákvörðun um frestun máls mælir ekki fyrir um lengd frests, skal honum ljúka á þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðun um að málsmeðferð hefjist á ný, en annars á þeim degi sem seinni ákvörðunin er tekin, ef slíka tilgreiningu skortir.

9. Forseti ákveður nýja fresti í stað fyrri málsmeðferðarfresta frá þeim degi sem málsmeðferð hefst að nýju að loknum fresti og skal tímabilið hefjast á degi enduruptöku.

*48. gr.  
Frestun á ákvörðun máls*

Forseti getur við sérstakar aðstæður, eftir að hafa hlýtt á sjónarmið aðila, annaðhvort af eigin frumkvæði eða að beiðni aðila málsins, frestað meðferð máls til annars dags. Forseti getur einnig kveðið á um frestun máls, komi fram sameiginleg beiðni um það frá aðilum þess.

**5. KAFLI  
GJAFSÓKN**

*49. gr.  
Gjafsókn*

1. Aðili, sem að hluta eða að öllu leyti er ófær vegna eigin fjárhags um að standa undir kostnaði af málarekstri fyrir dómstólnum, getur hvenær sem er sótt um gjafsókn. Meta skal fjárhag umsækjanda með hliðsjón af hlutlægum þáttum eins og tekjum, eignum og fjölskylduaðstæðum.

2. Gjafsókn skal að hluta eða öllu leyti standa undir kostnaði við lögfræðiaðstoð og fyrirsvar lögmanns við málsmeðferð fyrir dómstólnum. Dómstóllinn skal bera ábyrgð á þessum kostnaði í samræmi við 52. gr

*50. gr.  
Umsókn um gjafsókn*

1. Með umsókninni skulu fylgja allar upplýsingar og fylgiskjöl svo unnt sé að meta fjárhagsstöðu umsækjanda, svo sem vottorð gefið út af valdbæru stjórnvaldi til staðfestingar á fjárhagsstöðu hans.

2. Ekki er nauðsynlegt að lögmaður standi að umsókn um gjafsókn.

3. Við meðferð mála um ráðgefandi álit skal umsækjandi, hafi honum þegar verið veitt gjafsókn fyrir álitsbeiðandi dómstól, leggja fram ákvörðun þess dómstóls og tilgreina hvernig verja skuli því fé sem þegar hefur verið veitt.

4. Í beinni málshöfðun má sækja um gjafsókn áður en málið hefur verið tekið fyrir eða meðan það er til meðferðar. Ef umsóknin er lögð fram áður en málið hefur verið tekið fyrir skal umsækjandi í stuttu máli greina frá efni fyrirhugaðs máls, staðreyndum málsins og rökstuðningi málsins. Með umsókninni skulu fylgja fylgiskjöl varðandi þessi atriði.

Þegar sótt er um gjafsókn skal lengja þann frest umsækjanda til að höfða mál sem mælt er fyrir um varðandi málshöfðun þar til birtur hefur verið úrskurður ákvörðunar um umsóknina eða, í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 51. gr., úrskurður um tilnefningu lögmanns sem falið er að koma fram fyrir hönd umsækjanda.

Hafna skal gjafsókn ef málið sem umsóknin varðar virðist augljóslega ekki dómtækt eða augljóslega ekki á rökum reist.

Dómstóllinn skal gefa gagnaðila kost á að tjá sig skriflega, nema ljóst sé af framlögðum upplýsingum að skilyrð 1. mgr. 49. gr. hafi ekki verið uppfyllt eða að fyrri undirgrein eigi við.

*51. gr.*  
*Ákvörðun um umsókn um gjafsókn*

1. Forsetinn skal fela framsögumanni umsókn um gjafsókn, um leið og hún er lögð fram, og hann skal tafarlaust leggja fram tillögu um hvernig bregðast skuli við.
2. Dómstóllinn skal taka ákvörðun um að veita gjafsókn, að hluta eða að öllu leyti, eða hafna henni að fenginni tillögu framsögumanns.
3. Dómstóllinn skal taka ákvörðun sína með úrskurði. Ef umsókn um gjafsókn er hafnað að hluta eða öllu leyti skal í úrskurðinum tilgreina ástæður fyrir þeirri höfnun.
4. Með öllum úrskurðum um veitingu gjafsóknar má tilnefna lögmann til að koma fram fyrir hönd hlutaðeigandi ef umsækjandi lagði þann lögmann til í umsókn sinni um gjafsókn og lögmaðurinn hefur samþykkt að koma fyrir dóminn fyrir hönd umsækjanda.
5. Ef umsækjandi hefur ekki gert grein fyrir vali sínu á lögmanni eða dómstóllinn álitur að á val hans verði ekki fallist, skal dómritari senda afrit ákvörðunar og umsóknar um gjafsókn til þess valdbæra stjórnvalds í viðkomandi EFTA-ríki, sem vísað er til í II. viðauka.
6. Lögmaður sem falið er að koma fram fyrir hönd umsækjanda skal skipaður með úrskurði að teknu tilliti til tillögu umsækjanda eða tillaga þeirra stjórnvalda sem vísað er til í 5. mgr., eftir því sem við á.
7. Með úrskurði um veitingu gjafsóknar má tilgreina fjárhæð sem greiða skal til skipaðs lögmanns hlutaðeigandi eða festa, að meginreglu til, hæstu mögulegu fjárhæð fyrir greiðslur og þóknun til lögmannsins. Þar má kveða á um þátttöku hlutaðeigandi í þeim kostnaði sem nefndur er í 1. mgr. 52. gr., með hliðsjón af fjárhag hans.

*52. gr.*  
*Fyrirframgreiðsla og ábyrgð á kostnaði*

1. Þegar gjafsókn er veitt ber dómstóllinn ábyrgð á kostnaði við aðstoð og fyrirsvor umsækjanda fyrir dómstólnum, þar sem það á við innan þeirra marka sem hann ákveður. Að beiðni umsækjanda eða fulltrúa hans má greiða þann kostnað fyrirfram.

2. Í beinni málshöfðun þar sem gjafsóknarhafi þarf, með skírskotun til ákvörðunar um að ljúka málsmeðferð, að bera kostnað sinn af máli skal forsetinn með rökstuddum úrskurði ákveða þær greiðslur og þóknun til lögmannsins sem dómstóllinn skal inna af hendi. Hann getur vísað málinu til dómstólsins.

Hafi dómstóllinn í ákvörðun sinni um að ljúka málinu skipað öðrum aðila að greiða málskostnað fyrir gjafsóknarhafa skal þeim aðila gert skylt að endurgreiða dómstólnum það fé sem fyrirframgreitt er sem gjafsókn.

Dómritari annast innheimtu þess fjár sem vísað er til í fyrri undirgrein hjá þeim aðila, sem fengið hefur fyrirhæli um að greiða það.

Nú tapar gjafsóknarhafi máli sínu og getur dómstóllinn þá úrskurðað, í ákvörðun um að ljúka málsmeðferð, að einn eða fleiri aðilar beri sinn eigin kostnað eða að dómstóllinn beri þann kostnað að hluta eða öllu leyti með gjafsókn enda krefjist sanngirnissjónarmið þess.

53. gr.  
*Afturköllun gjafsóknar*

Ef þær aðstæður sem leiddu til veitingar gjafsóknar breytast meðan á málinu stendur, getur dómstóllinn, af eigin frumkvæði eða að fenginni beiðni, afturkallað gjafsóknina eftir að hlutaðeigandi hefur tjáð sig. Rökstyðja skal ákvörðun um afturköllun gjafsóknar.

6. KAFLI  
SKRIFLEG MÁLSMEÐFERÐ

54. gr.  
*Framlagning málskjala*

1. Málskjöl má leggja fram á pappírformi, í samræmi við 2. til 7. mgr., eða í gegnum e-EFTACourt, í samræmi við 8. mgr.
2. Frumrit málskjala skulu vera undirrituð af fulltrúa aðila eða lögmanni hans eða, ef um er að ræða athugasemdir gerðar í tengslum við meðferð máls um ráðgefandi álit, aðila að aðalmeðferð eða umboðsmanni hans, ef réttarfarsreglur þær sem gilda um aðalmeðferðina heimila það.
3. Frumritið, ásamt þeim fylgiskjölum sem vísað er til í því, skal lagt fram ásamt fimm afritum fyrir dóminn. Að auki skal í öðrum málum en um ráðgefandi álit auk þess leggja fram afrit fyrir alla aðra málsaðila. Afrit skulu staðfest af þeim aðila, sem leggur þau fram.
4. Dagsetja skal öll málskjöl. Við útreikning málsmeðferðarfresta skal aðeins taka tillit til dagsins þegar upphaflegu málskjölin voru lögð fram á skrifstofu dómstólsins.
5. Með öllum málskjölum skal leggja fram þau fylgigögn sem þau eru byggð á, ásamt skrá yfir þau.
6. Sé umfang málgagns eða skjals slíkt að útdráttur sé einn látinn fylgja málskjölum skal leggja frumrit í heild sinni eða afrit af því fram á skrifstofu dómstólsins.
7. Þrátt fyrir ákvæði annars málsliðar 4. mgr. telst sá dagur vera framlagningardagur að því er varðar málsmeðferðarfresti þegar afrit af undirrituðum frumritum málskjala, ásamt skjalaskrá og gögnum sem um getur í 5. mgr., eru lögð inn á skrifstofu dómstólsins með hverri þeirri tæknilegu samskiptaleið sem dómstóllinn getur nýtt, að því tilskildu að undirrituð frumrit málskjala, ásamt viðaukum og afritum sem um getur í 3. mgr., séu lögð inn hjá skrifstofu dómstólsins eigi síðar en innan 10 daga frá þeim tíma.
8. Dómstóllinn getur með úrskurði ákveðið viðmiðunarreglur um hvenær málskjál sent skrifstofu dómstólsins með öðrum rafrænum eða tæknilegum hætti teljist frumrit af því skjali. Sú ákvörðun skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau og skal hún fylgja I. viðauka við þessar reglur.

7. KAFLI  
FRUMSKÝRSLA

55. gr.  
*Frumskýrsla*

1. Við lok skriflegrar málsmeðferðar skal forseti kveða á um það hvenær framsögumanni beri að leggja fram frumskýrslu sína fyrir dómstólinn.
2. Í frumskýrslunni skulu koma fram tillögur um hvort grípa eigi til sérstakra ráðstafana varðandi málsmeðferð eða gagnaöflun eða, þar sem við á, hvort óska eigi eftir skýringu frá álitsbeiðandi dómstól. Í

henni skulu einnig koma fram tillögur framsögumanns, ef við á, um hvort falla eigi frá munnlegum málflutningi.

3. Dómstóllinn tekur ákvörðun um aðgerðir sem grípa skal til á grundvelli tillagna framsögumanns.

## 8. KAFLI RÁÐSTAFANIR VARÐANDI MÁLSMEÐFERÐ OG GAGNAÖFLUN

### 56. gr.

#### *Ráðstafanir varðandi málsmeðferð og gagnaöflun*

1. Dómstóllinn getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er kveðið á um hvers konar ráðstafanir varðandi hana eða ráðstafanir varðandi gagnaöflun, sbr. eftirfarandi greinar, eða mælt fyrir um að fyrri gagnaöflun skuli endurtekin eða við hana bætt.

2. Ráðstafanir varðandi málsmeðferð eða gagnaöflun, sem dómstóllinn hefur gefið fyrirmæli um, getur dómstóllinn ýmist framkvæmt sjálfur eða falið það framsögumanni.

### 57. gr.

#### *Ráðstafanir varðandi málsmeðferð*

1. Ráðstafanir varðandi málsmeðferð skulu tryggja að mál séu undirbúin fyrir munnlegan málflutning, og málsmeðferð fari fram og ágreiningur leystur við bestu mögulegu aðstæður.

2. Tilgangur ráðstafana varðandi málsmeðferð skal einkum vera:

- (a) að tryggja greiða skriflega og munnlega málsmeðferð, og stuðla að vandaðri sönnunarfærslu,
- (b) að afmarka þau atriði sem þarfnast frekari rökstuðnings eða krefjast ráðstafana varðandi gagnaöflun,
- (c) að skýra kröfur aðila, málsástæður þeirra, rök og ágreiningsefni,
- (d) að stuðla að því að sættir takist um ágreiningsefni.

3. Einkum er heimilt að beita eftirtöldum ráðstöfunum varðandi málsmeðferð:

- (a) að beina spurningum til aðila máls,
- (b) að bjóða aðilum að gera munnlegar eða skriflegar athugasemdir varðandi málsmeðferðina,
- (c) að óska eftir að aðilar máls, eða þriðji aðili, gefi upplýsingar eða skýringar,
- (d) að biðja aðila um að framvísa þeim skjölum sem tengjast málinu,
- (e) að boða umboðsmenn, ráðgjafa eða lögmennt aðila eða aðila sjálfa til funda.

4. Hvor aðili um sig getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, lagt til að beitt verði ráðstöfunum varðandi málsmeðferð eða þeim breytt. Slík tillaga skal gerð með sérstöku skjali eða í sérstökum lið í þeim málflutningi sem um er að ræða. Skal í slíkum tilfellum gefa gagnaðila kost á að tjá sig áður en mælt er fyrir um viðeigandi ráðstöfun.

5. Ef nauðsyn ber til við málsmeðferðina skal dómritari gera aðilum grein fyrir þeim ráðstöfunum sem dómstóllinn hyggst grípa til og gefa þeim kost á að koma að athugasemdum, munnlega eða skriflega.

58. gr.  
*Ráðstafanir varðandi gagnaöflun*

1. Dómstóllinn skal kveða á um ráðstafanir varðandi gagnaöflun, sem hann telur við eiga, með úrskurði, þar sem fram koma þær staðhæfingar um atvik, sem færa skal sönnur á. Úrskurðinn skal birta aðilum.
2. Áður en dómstóllinn tekur ákvörðun um ráðstafanir varðandi gagnaöflun samkvæmt c- til e-lið 3. mgr. skal dómritari gera aðilum grein fyrir þeim ráðstöfunum sem dómstóllinn hyggst grípa til og gefa þeim kost á að koma að athugasemdum, munnlega eða skriflega.
3. Að teknu tilliti til 21. og 22. gr. stofnsamþykktarinnar er heimilt að afla sönnunargagna með þessum hætti:
  - (a) komu aðila fyrir dóminn,
  - (b) beiðni um upplýsingar og framlagningu skjala,
  - (c) munnlegum framburði,
  - (d) beiðni um sérfræðialit,
  - (e) vettvangsskoðun eða skoðun hlutar sem við sögu kemur.
4. Gagnsönnun er heimil og heimilt er að styrkja fram komna sönnun.
5. Aðilar eiga rétt á að vera viðstaddir ráðstafanir varðandi gagnaöflun.

59. gr.  
*Meðferð trúnaðarupplýsinga*

1. Ekki skal á vinnslustigi deila upplýsingum eða efni með öðrum aðilum máls sem fram koma við könnun, sem dómstóllinn hefur talið nauðsynlega á grundvelli lagalegra og efnislegra atriða sem aðili byggir mál sitt á, á trúnaðargildi tiltekinna upplýsinga eða tiltekins efnis sem lagt hefur verið fyrir dómstóllinn í kjölfar ráðstafana varðandi gagnaöflun sem um getur í 58. gr., og sem gæti haft þýðingu fyrir úrskurð dómstólsins í málinu.
2. Ef dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu við könnunina, sem kveðið er á um í 1. mgr., að gæta eigi trúnaðar gagnvart öðrum aðilum málsins um tilteknar upplýsingar eða tiltekið efni sem lagt hefur verið fyrir dómstóllinn áður en það skipti máli fyrir úrskurð hans í málinu, skal hann veða þá hagsmuni sem liggja trúnaði til grundvallar á móti rétti til skilvirkrar réttarverndar, einkum með tilliti til meginreglu um andmælarétt.
3. Eftir mat á þeim atriðum sem vísað er til í 2. mgr. getur dómstóllinn ákveðið að kynna hinum aðilunum trúnaðarupplýsingarnar eða efnið og bundið, ef þörf krefur, upplýsingar um þær tilteknum skilyrðum eða ákveðið að miðla ekki slíkum upplýsingum eða efni með því að tilgreina með rökstuddum úrskurði hvernig aðrir aðilar geti, eins og frekast er unnt, komið sjónarmiðum sínum á framfæri, þ.m.t. með úrskurði um að fram verði lögð útgáfa, eða samantekt, án þeirra atriða sem trúnaður skal ríkja um.

60. gr.  
*Skjöl sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafnað aðgangi að*

Ef skjöl sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafnað aðgangi að hefur verið lagt fram fyrir dómstóllinn í máli sem varðar lögmati þeirrar neitunar, skal ekki deila skjalinu með öðrum aðilum.



9. KAFLI  
BOÐUN OG YFIRHEYRSLA VITNA OG SÉRFRÆÐINGA

*61. gr.  
Munnlegar skýrslur*

1. Dómstóllinn getur, af eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, mælt fyrir um að staðhæfingar um atvik skuli sanna með vitni. Í beiðni aðila um töku skýrslu af vitni skal skýra nákvæmlega þau atvik, sem vitni er ætlað að bera um og hvers vegna. Dómstóllinn skal skera úr um beiðnina með rökstuddum úrskurði.
2. Vitnum skal stefnt með úrskurði frá dómstólnum, þar sem eftirfarandi skal koma fram:
  - (a) nafn og heimilisfang vitnis,
  - (b) tilvísun til atvika, sem skýrsla vitnis varðar,
  - (c) eftir því sem við á, upplýsingar um ráðstafanir af hálfu dómstólsins varðandi endurgreiðslu kostnaðar sem vitni stofnar til.
3. Úrskurðinn skal birta fyrir aðilum og vitnum.

*62. gr.  
Vitnaleiðslur*

1. Eftir að deili á vitni hafa verið sannreynd skal forseti gera því grein fyrir að það verði krafð um staðfestingu framburðar, og að staðfestingin verði með þeim hætti sem greinir í málsmeðferðarreglum þessum, og að brjóti vitni gegn þessum kröfum teljist það vera brot á 26. gr. stofnsamþykktarinnar.
2. Áður en vitni gefur skýrslu skal það sverja eftirfarandi eið eða að öðrum kosti eftirfarandi drengskaparheit:

„Ég sver að segja sannleikann, allan sannleikann og ekkert nema sannleikann.“

Dómstóllinn getur, eftir að hafa gefið aðilum kost á að tjá sig, leyst vitni undan því að sverja eið eða drengskaparheit.

3. Vitnið skal gefa dómstólnum skýrslu sína, eftir að aðilum hefur verið gefinn kostur á að vera viðstaddir. Eftir að vitni hefur gefið aðalskýrslu sína getur forseti, og hinir dómárnir, að beiðni aðila eða af eigin frumkvæði beint spurningum til vitnis. Fulltrúar aðila geta beint spurningum til vitnis undir stjórn forseta.

*63. gr.  
Sérfræðiskýrslur*

1. Dómstóllinn getur mælt fyrir um að aflað skuli skýrslu sérfræðings. Í úrskurði dómstólsins um skipun sérfræðings skal verkefni hans skilgreint og honum settur frestur til að leggja fram skýrslu sína.
2. Sérfræðingurinn skal fá afhent afrit af úrskurðinum, ásamt öllum þeim gögnum sem honum eru nauðsynleg vegna verkefnisins. Hann skal starfa undir eftirliti framsögumanns, sem er heimilt að vera viðstaddur rannsókn sérfræðingsins og skal framsögumaður upplýstur um framvindu verkefnisins.
3. Að beiðni sérfræðingsins getur dómstóllinn mælt fyrir um að vitni skuli yfirheyrð. Yfirheyrsla skal fara fram samkvæmt 62. gr.

4. Sérfræðingi ber aðeins að segja álit sitt á þeim atriðum, sem hann er berum orðum beðinn um álit á.

5. Þegar sérfræðingur hefur skilað skýrslu sinni og sú skýrsla hefur verið birt aðilum, getur dómstóllinn skipað að sérfræðingurinn verði yfirheyrður. Boða skal aðila til að vera viðstadda yfirheyrsluna. Forsetinn, og hinir dómarnir geta lagt spurningar fyrir sérfræðinginn, að beiðni annars aðilans eða af eigin frumkvæði. Fulltrúar aðila geta beint spurningum til sérfræðingsins undir stjórn forseta.

6. Eftir að hafa skilað skýrslu sinni skal sérfræðingur sverja eftirfarandi eið eða að öðrum kosti eftirfarandi drengskaparheit fyrir dómstólnum:

„Ég sver að ég hef unnið verk mitt af samvissusemi og óhlutdrægni.“

Dómstóllinn getur, eftir að hafa gefið aðilum kost á að tjá sig, leyst sérfræðinginn undan því að sverja eiðinn eða drengskaparheitið.

#### 64. gr.

##### *Skyldur vitna og sérfræðinga*

1. Vitni, sem hefur verið réttilega stefnt, skal sinna stefnunni og koma til yfirheyrslu, nema það sýni dómstólnum fram á lögmat forföll.

2. Dómstóllinn getur, samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 26. gr. stofnsamþykktarinnar, ákveðið að tilkynna þar til bæru stjórnvaldi EFTA-ríkis, sem vísað er til í 2. viðauka, um óáreiðanleg vitni eða meinsæri vitnis eða sérfræðings. Dómritari ber ábyrgð á því að tilkynna ákvörðun dómstólsins. Í ákvörðun dómstólsins skal skýra staðreyndir og þær aðstæður sem ákvörðun er byggð á.

#### 65. gr.

##### *Mótmæli gegn vitni eða sérfræðingi*

1. Dómstóllinn leysir úr málinu ef annar aðilinn mótmælir vitni eða sérfræðingi á þeirri forsendu að það sé ekki hæft, að það geti ekki borið vitni eða af einhverjum öðrum ástæðum, eða ef vitni eða sérfræðingur neitar að gefa skýrslu, neitar að sverja eið eða að gefa jafngilda hátíðlega yfirlýsingu.

2. Mótmæla skal vali á vitni eða sérfræðingi innan tveggja vikna frá birtingu úrskurðar um kvaðningu vitnis eða tilnefningu sérfræðings. Í mótmælunum skal greina ástæður þeirra og skýra hvers konar sönnunargögn kunnir að verða boðin fram.

#### 66. gr.

##### *Kostnaður vitna og sérfræðinga*

1. Vitni eða sérfræðingur skal eiga rétt á endurgreiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

2. Ef dómstóllinn krefst yfirheyrslu vitna eða skýrslu sérfræðings getur hann farið fram á að aðilar, eða einn þeirra, leggi fram tryggingu fyrir kostnaði vitnanna eða kostnaði vegna skýrslu sérfræðingsins.

3. Dómstóllinn skal greiða fyrirfram kostnað sem hlýst af yfirheyrslu vitnis eða beiðni um skýrslu sérfræðings sem dómstóllinn óskaði sjálfur eftir.

4. Vitni skal eiga rétt á greiðslu vegna tekjutaps og sérfræðingar rétt til þóknunar fyrir þjónustu sína. Dómstóllinn skal reiða fram þessar greiðslur til þeirra eftir að þau hafa leyst skyldur sínar eða störf af hendi.

67. gr.

*Bókanir úr rannsóknarþinghaldi*

1. Dómritari eða dómari skipaður af forsetanum skal færa rannsóknarþinghald til bókar. Bókanir skulu undirritaðar af forseta dómstólsins eða þeim framsögumanni sem ber ábyrgð á yfirheyrslu vitnis eða sérfræðings og af dómritara eða dómara sem er falið að annast bókunina. Áður en bókanir eru undirritaðar með þessum hætti skal gefa vitnum kost á að sannreyna efni þeirra og undirrita þær.
2. Bókun hefur fullt sönnunargildi.

68. gr.

*Réttarbeiðni*

1. Dómstóllinn getur, að beiðni aðila eða af eigin frumkvæði, sent réttarbeiðni um að tekin verði skýrsla af vitni eða sérfræðingi.
2. Réttarbeiðnin skal vera í formi úrskurðar, þar sem fram kemur fullt nafn, staða og heimilisfang vitnis eða sérfræðings, lýsing atvika, sem vitni eða sérfræðingi er ætlað að bera um, nöfn aðila, umboðsmanna þeirra, lögmannna eða ráðgjafa, starfsstöð þeirra og stutt lýsing á efni máls.

Dómritari birtir málsaðilum tilkynningu um úrskurðinn.

3. Dómritari sendir úrskurðinn til þess lögbæra stjórnvalds í EFTA-ríki, sem vísað er til í II. viðauka, á þeim stað þar sem taka á skýrslu af vitni eða sérfræðingi.

Með úrskurðinum skal fylgja þýðing á opinbert eða opinber tungumál viðtökuríkisins, þar sem slíkt er nauðsynlegt.

Stjórnvald það sem vísað er til í fyrstu undirgrein skal annast um að koma úrskurðinum til þess dómstóls sem hefur lögsögu í málinu samkvæmt landslögum.

Dómstóllinn skal fara með réttarbeiðnina í samræmi við landslög. Eftir skýrslutöku skal dómstóll senda því stjórnvaldi, sem um getur í fyrstu undirgrein, úrskurðinn ásamt réttarbeiðninni, þeim skjölum sem varða skýrslutökuna og sundurliðuðu yfirliti um kostnað. Skjölin skulu send dómritara.

Dómritari hlutast um að skjölin verði þýdd á ensku.

4. Dómstóllinn greiðir kostnað sem hlýst af réttarbeiðnum, með fyrirvara um rétt til að fella hann á aðila máls, þar sem við á.

10. KAFLI

MUNNLEG MÁLSMEÐFERÐ

69. gr.

*Upphafsdagur munnlegrar málsmeðferðar*

Forsetinn skal ákveða upphafsdag munnlegrar málsmeðferðar að loknum öllum ráðstöfunum varðandi málsmeðferð eða gagnaöflun sem gripið var til meðan á skriflegri málsmeðferð stóð, ef við á.

70. gr.

*Niðurfelling munnlegrar málsmeðferðar*

Dómstóllinn getur, á grundvelli skýrslu framsögumanns og að fengnu samþykki aðila, ákveðið að fella niður

munntegan hluta málsmeðferðar.

*71. gr.  
Skýrsla framsögumanns*

Senda skal aðilum og hagsmunaaðilum skýrslu framsögumanns áður en munntleg málsmeðferð hefst.

*72. gr.  
Fjarvera aðila frá munntlegum máflutningi*

1. Ef aðili tilkynnir dómstólnum að hann muni ekki vera viðstaddur þinghald eða ef dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu við þinghald að aðili sem hefur fengið viðeigandi fyrirvara sé fjarverandi án afsökunar, skal máflutningur fara fram í fjarveru viðkomandi aðila.
2. Ef aðaladilar benda dómstólnum á að þeir muni ekki vera viðstaddir þinghald skal forsetinn ákveða hvort ljúka megi munntlegum hluta málsmeðferðarinnar.

*73. gr.  
Sameiginlegt þinghald*

Ef líkindi milli tveggja eða fleiri mála af sömu gerð leyfa, getur dómstóllinn ákveðið að sameina máflutning í þeim málum.

*74. gr.  
Munntlegur máflutningur*

Forseti stjórnar munntlegum máflutningi og ber ábyrgð á því að þinghald fari rétt fram.

*75. gr.  
Lokað þinghald*

1. Ef gildar ástæður standa til, getur dómstóllinn ákveðið að hafa lokað þinghald, í samræmi við 27. gr. stofnsamþykktarinnar. Þetta getur einnig átt við um mál þar sem óskað er eftir ráðgefandi áliti fari álitsbeiðandi dómstóll fram á það.
2. Rökstyðja verður beiðni aðila um að þinghaldi verði lokað og tilgreina hvort beiðnin varði allan máflutning eða hluta máflutnings. Ef aðili óskar þess skal dómstóllinn taka ákvörðun um beiðnina eftir að aðilar hafa tjáð sig.
3. Óheimilt er að greina opinberlega frá því sem fram fer í munntlegum máflutningi í lokuðu þinghaldi.

*76. gr.  
Heimild til þátttöku í munntlegri málsmeðferð*

Aðili máls getur aðeins ávarpað dómstóllinn fyrir milligöngu umboðsmanns síns, ráðgjafa eða lögmanns nema 3. mgr. 91. gr. eigi við.

77. gr.  
*Lok munnlegrar málsmeðferðar*

Að loknum munnlegum málflutningi aðila og hagsmunaaðila skal forsetinn lýsa munnlegum hluta málsins loknum.

78. gr.  
*Opnun eða endurupptaka á munnlegum hluta málsmeðferðar*

Dómstóllinn getur hvenær sem er kveðið á um að munnlegur hluti málsins verði hafinn eða endurupptekinn, sérstaklega ef hann telur sig skorta fullnægjandi upplýsingar eða ef aðili hefur, að þeim hluta málsins loknum, lagt fram nýjar upplýsingar sem hafa úrslitaáhrif á ákvörðun dómstólsins, eða ef taka verður ákvörðun á grundvelli röksemda sem ekki hafa verið ræddar milli aðila eða hagsmunaaðila.

79. gr.  
*Bókun munnlegs málflutnings*

1. Dómritari eða dómari skipaður af forsetanum skal bóka allan munnlegan málflutning í samræmi við 25. gr.
2. Í bókun skal koma fram hvar og hvenær munnlegur málflutningur fer fram, nöfn viðstaddra dómara og dómritara, tilgreining máls, nöfn aðila, nöfn og staða umboðsmanna, ráðgjafa eða lögmanna aðila, tilgreining skjala, sem lögð eru fram af aðilum við munnlegan flutning, og ákvarðanir dómstólsins eða forseta, sem teknar eru á dómþinginu.
3. Bókanir skulu undirritaðar af forseta og dómritara eða þeim dómara sem falið er að annast bókunina. Þær hafa fullt sönnunargildi.
4. Aðilum og hagsmunaaðilum er heimilt að athuga efni bókunar á skrifstofu dómstólsins og fá afhent afrit af henni á eigin kostnað.

11. KAFLI  
DÓMAR OG ÚRSKURÐIR

80. gr.  
*Upplýsingar um dagsetningu dómsuppkvaðningar*

Aðilar og hagsmunaaðilar skulu upplýstir um dagsetningu dómsuppkvaðningar.

81. gr.  
*Efni dóms*

Í dómi skal koma fram:

- (a) að um sé að ræða dóm EFTA-dómstólsins,
- (b) uppsögudagur,
- (c) nöfn forseta og þeirra dómara sem tóku þátt í umfjöllun, ásamt upplýsingum um nafn framsögumanns,
- (d) nafn dómritara,

- (e) lýsing á þeim aðilum eða hagsmunaaðilum sem tóku þátt í málinu,
- (f) nöfn fulltrúa þeirra,
- (g) kröfur aðila, sé um beina málshöfðun að ræða,
- (h) ef við á, dagsetning munnlegs málflutnings,
- (i) samantekt á málavöxtum,
- (j) samantekt á málflutningi aðila,
- (k) dómsforsendur,
- (l) dómsorð, þar á meðal, ef við á, ákvörðun um málskostnað.

*82. gr.  
Dómsuppkvaðning og birting dóms*

1. Dómur skal kveðinn upp í heyranda hljóði. Boða skal aðila til að vera viðstadda dómsuppsöguna.
2. Frumrit dómsins, sem undirritað er af forseta, þeim dómurum sem að honum stóðu og dómritara, skal innsigla og varðveita á skrifstofu dómstólsins. Birta skal aðilum máls og, þar sem við á, álitsbeiðandi dómstól og hagsmunaaðilum staðfest afrit dómsins.
3. Dómritari og forseti skrá á frumrit dómsins þann mánaðardag sem hann er kveðinn upp.

*83. gr.  
Efni úrskurðar*

1. Í úrskurði skal eftirfarandi koma fram:
  - (a) yfirlýsing um að hann sé úrskurður dómstóls eða forseta, eftir því sem við á,
  - (b) gildistökudagur,
  - (c) upplýsingar um lagagrundvöll úrskurðarins,
  - (d) nöfn forseta og, ef við á, þeirra dómara sem tóku þátt í umfjöllun málsins, ásamt upplýsingum um nafn framsögumanns,
  - (e) nafn dómritara,
  - (f) lýsing á aðilum eða aðilum að aðalmeðferð,
  - (g) nöfn fulltrúa þeirra,
  - (h) dómsorð, þar á meðal, ef við á, ákvörðun um málskostnað.
2. Ef rökstyðja verður úrskurð í samræmi við þessar reglur skal hann einnig hafa að geyma:
  - (a) kröfur aðila, sé um beina málshöfðun að ræða,
  - (b) samantekt á málavöxtum,

- (c) samantekt á málflutningi,
- (d) forsendur úrskurðar.

*84. gr.*

*Undirritun og birting úrskurðar*

Frumrit úrskurðarins, undirritað af forsetanum og dómritara, skal innsigla og afhenda á skrifstofu dómstólsins. Birta skal aðilum máls og, þar sem við á, álitsbeiðandi dómstól og hagsmunaaðilum staðfest afrit úrskurðarins.

*85. gr.*

*Bindandi áhrif dóma og úrskurða*

1. Dómur er bindandi frá þeim degi er hann er kveðinn upp.
2. Úrskurður er bindandi frá þeim degi er hann er birtur.

*86. gr.*

*Tilkynning*

Birta skal tilkynningu með dagsetningu og dómsorðum dóms eða úrskurði dómstólsins sem lýkur málinu í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

*87. gr.*

*Leiðrétting dóma og úrskurða*

1. Með fyrirvara um ákvæðin um skýringu dóma, getur dómstóllinn, af eigin frumkvæði eða að beiðni aðila eða hagsmunaaðila, sem fram kemur innan tveggja vikna frá dómsuppsögu eða birtingu úrskurðar, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur og bersýnilegar villur í dómum og úrskurðum.
2. Beiðnir og umsóknir um leiðréttingu skulu sendar til þess framsögumanns sem bar ábyrgð á málinu sem beiðnin eða umsóknin varðar. Forseti skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tilnefna annan dómara sem framsögumann í forföllum framsögumanns.
3. Þegar beiðni um leiðréttingu varðar dómsorð eða einhverja af þeim ástæðum sem nauðsynlegar eru til stuðnings dómsorðum, geta aðilar, sem dómritari skal upplýsa með tilhlýðilegum hætti, sent skriflegar athugasemdir innan þess frests sem forsetinn ákveður.
4. Dómstóllinn tekur ákvörðun sína fyrir luktum dyrum.
5. Frumrit úrskurðar um leiðréttingu skal fylgja frumriti þeirrar ákvörðunar sem leiðrétt hefur verið. Skrá skal athugasemd um leiðréttinguna á spássíu frumrits leiðréttu ákvörðunarinnar.

### III. HLUÐI

#### MÁLSMEDFERÐ VIÐ RÁÐGEFANDI ÁLIT

##### 1. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

###### 88. gr.

###### *Efni beiðnar um ráðgefandi álit*

1. Beiðni um ráðgefandi álit skal fylgja samantekt um mál það sem rekið er fyrir viðkomandi dómstól aðildarríkis, þar sem fram kemur lýsing á atvikum þess, auk lýsingar á þeim ákvæðum landslaga sem leitað er álits á og, eftir því sem við á, viðeigandi innlend dómaframkvæmd sem nauðsynleg er til að gera dómstólnum kleift að skilgreina þá spurningu sem svara er leitað við.
2. Með beiðninni skal fylgja greinargerð um ástæður þess að álitsbeiðandi dómstóll leitaði ráðgefandi álits og um tengsl milli ákvæða EES-réttar og landslaga sem gilda um aðalmeðferðina.

###### 89. gr.

###### *Nafnleynd*

1. Hafi álitsbeiðandi dómstóll heimilað nafnleynd skal dómstóllinn virða þá nafnleynd í málum sem hann hefur til meðferðar.
2. Að beiðni álitsbeiðandi dómstóls, að tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðila að aðalmeðferð eða af eigin frumkvæði, getur forseti einnig, telji hann það nauðsynlegt og eftir að hafa hlýtt á framsögumann, leyft einum eða fleiri einstaklingum eða aðilum sem eiga hlut að málinu að njóta nafnleyndar.

###### 90. gr.

###### *Þátttaka í meðferð máls um ráðgefandi álit*

1. Innan tveggja mánaða frá tilkynningu dómritara samkvæmt 37. gr. hafa aðilar að aðalmeðferð og hagsmunaaðilar heimild til að leggja fram skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn.
2. Ekki þarf að taka þátt í skriflegri málsmeðferð til þess að taka þátt í munnlegum hluta málsins.

###### 91. gr.

###### *Aðilar að aðalmeðferð*

1. Álitsbeiðandi dómstóll ákvarðar hvertjir teljast vera aðilar að aðalmeðferð í samræmi við réttarfarsreglur landslaga.
2. Þegar álitsbeiðandi dómstóll upplýsir dómstólinn um að nýr aðili hafi fengið aðild að aðalmeðferð þegar málið hefur þegar verið tekið til meðferðar fyrir dómstólnum, skal sá aðili samþykka málið eins og það liggur fyrir á þeim tíma þegar dómstóllinn var upplýstur um nýja aðilann. Þessi aðili skal fá afrit af öllum málsskjölum sem hafa þegar verið birt aðilum að aðalmeðferð og hagsmunaaðilum.
3. Um fyrirsvor aðila að aðalmeðferð fyrir dómstólnum skal dómstóllinn taka mið af gildandi málsmeðferðarreglum þess dómstóls sem beiðni kom frá. Ef vafi leikur á því hvort einstaklingur geti samkvæmt landslögum verið fulltrúi aðila við aðalmeðferð getur dómstóllinn aflað upplýsinga frá álitsbeiðandi dómstól um málsmeðferðarreglur sem eiga við.



*92. gr.  
Þýðing og birting á beiðni um ráðgefandi álit*

Samkvæmt 37. gr. skal birta beiðni um ráðgefandi álit í upprunalegri útgáfu ásamt enskri þýðingu.

*93. gr.  
Svar með rökstuddum úrskurði*

Ef beiðni um ráðgefandi álit hefur að geyma spurningar sem eru augljóslega sams konar þeim sem dómstóllinn hefur þegar dæmt um eða látið uppi álit á, getur hann hvenær sem er, að tillögu framsögumanns, eftir að hafa óskað skýringa samkvæmt 95. gr. frá álitsbeiðandi dómstól og, eftir að hafa hlýtt á athugasemdir frá aðilum að aðalmeðferð og hagsmunaaðilum, gefið álit sitt með rökstuddum úrskurði þar sem vísað er til fyrri dóms eða álits.

*94. gr.  
Afturköllun máls til meðferðar hjá dómstólnum*

1. Beiðni um ráðgefandi álit er til meðferðar hjá dómstólnum þar til álitsbeiðandi dómstóll dregur hana til baka. Taka má tillit til afturköllunar beiðni þar til hagsmunaaðilum hefur verið birt tilkynning um uppsögudag dóms.
2. Hins vegar getur dómstóllinn hvenær sem er lýst því yfir að skilyrði lögsögu hans séu ekki lengur uppfyllt.

*95. gr.  
Beiðni um skýringar*

1. Dómstóllinn getur óskað eftir skýringum frá álitsbeiðandi dómstól innan þess frests sem dómstóllinn ákveður og með fyrirvara um ráðstafanir varðandi málsmeðferð og gagnaöflun samkvæmt þessum reglum.
2. Birta skal aðilum að aðalmeðferð og hagsmunaaðilum svar álitsbeiðandi dómstóls við þeirri beiðni.

*96. gr.  
Kostnaður af meðferð máls um ráðgefandi álit*

Dómstóll sem biður um ráðgefandi álit tekur ákvörðun um kostnað vegna meðferðar álitsbeiðnarinnar.

*97. gr.  
Túlkun á ráðgefandi álitum*

1. Ákvæði 138. gr. um túlkun dóma og úrskurða eiga ekki við um ákvarðanir sem teknar eru sem svar við beiðni um ráðgefandi álit.
2. Innlendir dómstólar meta hvort þeir telji ráðgefandi álit gefa nægjanlegar leiðbeiningar eða hvort þeim sýnist þörf á að leita frekar til dómstólsins.

## 2. KAFLI FLÝTÍMEÐFERÐ

### 98. gr. *Flýtimeðferð*

1. Eftir að hafa hlýtt á framsögumann getur forseti, að beiðni innlends dómstóls eða í undantekningartilvikum af eigin frumkvæði, ákveðið að beita flýtimeðferð sem viku frá ákvæðum þessara reglna fyrir beiðni um ráðgefandi álit, ef þær aðstæður sem vísað er til sýna fram á að brýnt sé að skera úr um þá spurningu sem beint er til dómstólsins.
2. Forseta er heimilt að ákveða tafarlaust dagsetningu þinghalds, sem skal tilkynna aðilum að aðalmeðferð og hagsmunaaðilum þegar beiðni um ráðgefandi álit er birt.
3. Aðilar að aðalmeðferð og hagsmunaaðilar geta lagt fram skriflegar athugasemdir innan þess frests sem forseti ákveður. Sá frestur skal að lágmarki vera 15 dagar. Forseti getur farið fram á að þeir takmarki þau atriði sem fjallað er um skriflegum athugasemdum við þau grundvallaratriði í lögum sem spurningin varðar.
4. Skriflegar athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu tilkynntar aðilum að aðalmeðferð og hagsmunaaðilum áður en að þinghaldi kemur.
5. Forseti getur ákveðið að skýrsla framsögumanns sé óþörf eða að ekki þurfi að þýða hana.

### 99. gr. *Framlagning og birting málskjala*

1. Ákvæði 54. gr. gilda um framlagning málflytningaskjala. Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 54. gr. telst sá dagur vera framlagningardagur, að því er varðar ákvæði um fresti fyrir hvern þátt málsmeðferðar, þegar afrit af undirrituðu frumriti skriflegra athugasemda, þ.m.t. skjalaskrá sem um getur í 5. mgr. 54. gr., eru lögð inn á skrifstofu dómstólsins með hverri þeirri tæknilegu samskiptaleið sem dómstólinn getur nýtt, að því tilskildu að undirrituð frumrit skriflegra athugasemda, ásamt viðaukum og afritum sem um getur í 3. mgr. 54. gr., séu lögð fram á skrifstofu dómstólsins eigi síðar en innan fimm daga frá þeim tíma.
2. Þegar þess er krafist samkvæmt 98. gr. að skjal sé birt eða tilkynnt einstaklingi má framkvæma slíka birtingu eða tilkynningu með því að senda afrit af skjalinu með hverri þeirri tæknilegu samskiptaleið sem dómstólinn og viðtakandi geta nýtt.

## IV. HLUTI BEIN MÁLSHÖFÐUN

### 1. KAFLI FYRIRSVAR AÐILA

#### 100. gr. *Skylda til að njóta fyrirsvars*

1. Aðili máls má aðeins njóta fyrirsvars umboðsmanns síns eða lögmanns.
2. Umboðsmenn og lögmenn skulu leggja fram á skrifstofu dómstólsins opinbert skjal eða heimild útgefna af umbjóðanda til að koma fram fyrir hans hönd.
3. Lögmáður, sem rekur mál fyrir aðila, skal einnig leggja fram skilríki á skrifstofu dómritara um að

hann hafi heimild til að reka mál fyrir dómstóli EFTA-ríkis eða aðildarríkis ESB.

## 2. KAFLI SKRIFLEG MÁLSMEÐFERÐ

### *101. gr. Efni stefnu*

1. Í stefnu, samkvæmt 19. gr. stofnsamþykktarinnar, skal eftirfarandi koma fram:
  - (a) nafn og heimilisfang stefnanda,
  - (b) nafn stefnda,
  - (c) ágreiningsefni málsins, málsástæður og rök sem byggt er á og samantekt á þeim málsástæðum og lagarökum,
  - (d) kröfur stefnanda,
  - (e) eftir því sem við á, öll sönnunargögn sem lögð eru fram til stuðnings.
2. Stefnu, sem gefin er út af lögaðila sem lýtur einkarétti, skal fylgja:
  - (a) skjal eða skjöl sem kveða á um stofnun eða skipulag þess lögaðila sem í hlut á eða nýlegt vottorð úr skrá um félög, fyrirtæki eða samtök eða önnur gögn um tilvist þessa lögaðila,
  - (b) sönnun um að umboð til handa lögmanni stefnanda hafi verið gefið út af þar til bærum aðila.

### *102. gr. Upplýsingar um birtingu*

1. Í stefnu skal tilgreina birtingarstað að því er varðar málareksturinn. Þar skal tilgreina nafn þess aðila sem hefur umboð og hefur lýst sig reiðubúinn til að taka við stefnunni.
2. Auk þess að tilgreina birtingarstað eins og um getur í 1. mgr., eða þess í stað, má lýsa því yfir í stefnu að lögmaður eða umboðsmaður samþykki að birting gagnvart sér fari fram með e-EFTACourt eða öðrum tæknilegum samskiptaleiðum.
3. Ef stefnan fullnægir ekki þeim skilyrðum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. og ekki hefur verið bætt úr ágallanum, skulu birtingar fyrir viðkomandi aðila sem málsóknina varða fara fram með ábyrgðarbréfi, sem stílað er á umboðsmann eða lögmann þess aðila. Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. skal lögleg birting talin hafa farið fram þegar ábyrgðarbréf hefur verið afhent á pósthúsi þar sem dómstóllinn hefur aðsetur.

### *103. gr. Viðaukar við stefnuna*

1. Stefnu skulu fylgja, eftir því sem við á, gögn þau sem tilgreind eru í annarri málsgrein 19. gr. stofnsamþykktarinnar.
2. Skjalfest sönnun um að Eftirlitsstofnun EFTA hafi verið beðin um að bregðast við samkvæmt 37. gr. SED á þeim degi sem tilgreindur er skal fylgja stefnu við þær aðstæður sem greinin vísar til.

*104. gr.  
Breyting á stefnu*

1. Ef önnur ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um sama efni kemur í stað eða breytir þeirri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sem krafist er ógildingar á getur stefnandi, áður en munnlegum hluta málsmeðferðarinnar er lokið eða áður en dómstóllinn ákveður að dæma í málinu án þess að munnlegur málflutningur fari fram, breytt stefnunni til að taka tillit til þessa nýja atriðis.
2. Breytingar á stefnu skulu gerðar með sérstöku skjali innan þess frests sem kveðið er á um í þriðju málsgrein 36. gr. SED en innan þess frests má óska eftir því að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um breytingu á stefnunni verði felld úr gildi.
3. Í skjalinu skal koma fram eftirfarandi:
  - a) breytt kröfugerð,
  - b) ef við á, breyttar málsástæður og rök,
  - c) eftir því sem við á, öll sönnunargögn sem lögð eru fram í tengslum við breytta kröfugerð.
4. Með skjalinu skal fylgja ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sem réttlætir breytinguna á stefnunni. Ef sú ákvörðun er ekki lögð fram skal dómritari setja stefnanda hæfilegan frest til að leggja hana fram. Ef stefnandi leggur ákvörðunina ekki fram innan tilskilins frests skal dómstóllinn ákvarða hvort vanræksla á þeirri kröfu leiði til þess að yfirlýsingin um breytingu á stefnunni verði ekki tekin til meðferðar.
5. Með fyrirvara um ákvörðun dómstólsins um hvort yfirlýsing um breytingu á stefnunni verði tekin til meðferðar skal forseti kveða á um frest stefnda til að bregðast við yfirlýsingunni um breytingu á stefnunni.
6. Forseti skal, eftir því sem við á, kveða á um þann frest sem meðalgönguaðilar hafa til að leggja fram yfirlýsingar um meðalgöngu með hliðsjón af yfirlýsingu um breytingu á stefnunni og svörum við henni. Í þeim tilgangi skal birta meðalgönguáðilum þessar yfirlýsingar á sama tíma.

*105. gr.  
Nauðsynlegum skjöl ekki lögð fram*

Ef skjölin sem vísað er til í 100. gr., 2. mgr. 101. gr. og 103. gr. eru ekki lögð fram skal dómritari gefa viðkomandi aðila hæfilegan frest til að leggja þau fram. Ef viðkomandi aðili lætur hjá líða að leggja fram nauðsynleg gögn innan tilskilins frests skal dómstóllinn ákveða, eftir að hafa hlýtt á framsögumann, hvort stefnan eða skriflegu málsskjölin verði ekki tekin til meðferðar vegna formannmarka í ljósi þess að kröfum um málsmeðferð hafi ekki verið fylgt.

*106. gr.  
Birting stefnu*

1. Stefnuna skal birta stefnda í formi staðfests afrits sem sent er í ábyrgðarbréfi ásamt eyðublaði til staðfestingar á móttöku eða með boðsendingu afritsins gegn kvittun. Ef stefndi hefur áður samþykkt að stefnur séu birtar í gegnum e-EFTACourt eða með öðrum tæknilegum samskiptaleiðum má birta stefnuna með þeim hætti.
2. Ef 105. gr. á við, skal birta stefnuna eftir að bætt hefur verið úr annmörkum, eða þegar dómstóllinn hefur lýst yfir að stefnan sé tæk, þótt skilyrðum 100. gr., 2. mgr. 101. gr. og 103. gr. sé ekki fullnægt.

*107. gr.  
Greinargerð stefnda*

1. Innan tveggja mánaða frá því stefnda var birt stefnan, skal hann leggja fram greinargerð, þar sem fram kemur:
  - (a) nafn og heimili stefnda,
  - (b) málsástæður og rök, sem byggt er á,
  - (c) kröfur stefnda,
  - (d) eftir því sem við á, öll sönnunargögn sem lögð eru fram.
2. Ákvæði 102. gr. gilda um málsvörn.
3. Forseta er í undantekningartilfellum heimilt að lengja frest samkvæmt 1. mgr. enda hafi komið fram tilhlýðilega rökstudd beiðni þar um frá stefnda.

*108. gr.  
Andsvar og gagnsvar*

1. Auk stefnu og greinargerðar er heimilt er að leggja fram andsvör stefnanda og þá gagnsvör stefnda.
2. Forseti kveður á um fresti til að leggja fram þessi málsskjöl. Hann getur tilgreint umfjöllunarefni andsvars eða gagnsvars.

*109. gr.  
Jafnræði aðila*

1. Dómstóllinn skal aðeins taka tillit til þeirra skjala sem hafa verið gerð aðgengileg lögmonnum og umboðsmönnum aðila og sem þeim hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 46. gr., 59 gr., 60 gr. og 1. mgr. 115. gr.
2. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 42. gr. og 111. gr. getur dómstóllinn hafnað öllum skjölum sem lögð eru fram eftir að skriflegum hluta málsins er lokið.

3. KAFLI  
MÁLSÁSTÆÐUR OG SÖNNUNARGÖGN

*110. gr.  
Nýjar málsástæður*

1. Óheimilt er við meðferð málsins að hafa uppi nýjar málsástæður, nema þær séu byggðar á staðreyndum eða lagaatriðum, sem fyrst verður kunnugt um meðan á málsmeðferð stendur.
2. Að fenginni tillögu framsögumanns getur forseti ákveðið frest sem hinn aðilinn fær til að svara þessum málsástæðum án þess að hafa áhrif á ákvörðunina sem tekin verður um það hvort þessar málsástæður verði tekin til meðferðar.
3. Ákvörðun um það hvort nýjar málsástæður komist að bíður dóms í máli.

*111. gr.*  
*Sönnunargögn*

1. Leggja skal fram öll sönnunargögn með stefnu eða greinargerð. Í andsvari eða gagnsvari getur aðili lagt fram frekari sönnunargögn til stuðnings röksemdum sínum. Aðili skal færa fram ástæður fyrir seinkun á framlagningu slíkra gagna.
2. Aðilar geta í undantekningartilvikum lagt fram frekari sönnunargögn að lokinni skriflegri málsmeðferð. Þeir verða að gefa upp ástæður fyrir öllum töfum á framlagningu slíkra gagna. Forseti getur, að fenginni tillögu framsögumanns, kveðið á um þann frest sem gagnaðilinn hefur til að gera athugasemdir við slík gögn.

4. KAFLI  
MEÐALGANGA

*112. gr.*  
*Markmið og áhrif meðalgöngu*

1. Meðalganga skal takmarkast við stuðning, í heild eða að hluta, við kröfur annars aðilans. Hún veitir ekki rétt til þess að óska eftir því að munnlegur málflutningur fari fram.
2. Meðalgangan skal styðja við kröfur í aðalsök. Hún þjónar engum tilgangi ef málið er tekið af skrá dómstólsins vegna þess að aðili fellur frá þingsókn eða dregur sig úr máli eða samkomulag næst milli aðila, eða ef stefnan er ekki tæki til meðferðar.
3. Meðalgönguaðili verður að ganga inn í málið eins og það liggur fyrir þegar hann gengur inn í það.

*113. gr.*  
*Meðalgöngustefna*

1. Meðalgöngustefnu skal leggja fram innan sex vikna frá birtingu tilkynningarinnar sem um getur í 5. mgr. 15. gr.
2. Taka má til athugunar meðalgöngustefnu sem lögð er fram eftir að fresturinn sem mælt er fyrir um í 1. mgr. er liðinn og áður en ákvörðun um að hefja munnlega málsmeðferð samkvæmt 69. gr. er kveðin upp. Ef forseti leyfir meðalgöngu getur meðalgönguaðili lagt athugasemdir sínar fram í munnlegum málflutningi, fari hann fram.
3. Í meðalgöngustefnu skal koma fram:
  - (a) lýsing á málinu,
  - (b) lýsing á aðalaðilum,
  - (c) nafn og heimilisfang meðalgönguaðila,
  - (d) kröfugerð sem meðalgönguaðili óskar leyfis til að taka undir í meðalgöngusökinni,
  - (e) lýsing á aðstæðum sem réttur til meðalgöngu er byggður á þegar umsókn er lögð fram samkvæmt annarri málsgrein 36. gr. stofnsamþykktarinnar.
4. Umboðsmaður skal koma fram fyrir hönd meðalgönguaðila samkvæmt ákvæðum 17. gr. stofnsamþykktarinnar.
5. Ákvæði 100. gr., 2. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 105. gr. skulu gilda.

*114. gr.*  
*Ákvörðun um meðalgöngustefnur*

1. Birta skal meðalgöngustefnu aðalaðilum. Forseti skal gefa aðilum kost á að skila athugasemdum áður en ákvörðun er tekin um stefnuna. Forseti skal ákveða hvort þær eigi að vera skriflegar eða munnlegar.
2. Forseti tekur ákvörðun um stefnuna með úrskurði eða vísar henni til dómstólsins.

*115. gr.*  
*Athugasemdir meðalgönguaðila*

1. Ef meðalganga, sem óskað hefur verið eftir innan sex vikna eins og kveðið er á um í 1. mgr. 113. gr., er heimiluð, skal meðalgönguaðili fá afrit af öllum málskjölum sem birt eru aðilum hafi þessir aðilar ekki, innan tíu daga frá birtingunni sem um getur í 1. mgr. 114. gr., lagt fram athugasemdir við meðalgöngustefnuna eða greint frá leyndarmálum eða trúnaðargögnum sem aðilarnir halda fram að gengju gegn hagsmunum þeirra væru þau send meðalgönguaðilanum.
2. Meðalgönguaðili getur lagt fram athugasemdir sínar innan mánaðar frá sendingu málskjalanna sem vísað er til í 1. mgr. Forseti getur framlengt þann frest að tilhlýðilega rökstuddri beiðni meðalgönguaðila.
3. Í athugasemdum meðalgönguaðila skal koma fram eftirfarandi:
  - (a) krafa meðalgönguaðila, til stuðnings, að hluta eða öllu leyti, kröfum eins aðila málsins,
  - (b) málsástæður og rök, sem meðalgönguaðili byggir á,
  - (c) eftir því sem við á, öll sönnunargögn sem lögð eru fram.
4. Eftir að athugasemdir meðalgönguaðila hafa verið lagðar fram skal forseti veita öðrum aðilum málsins frest til að svara.
5. Komi meðalgöngustefna fram að liðnum þeim sex vikna fresti sem kveðið er á um í 1. mgr. 113. gr. skal meðalgönguaðili fá afrit af öllum málskjölum sem birt hafa verið aðilum samkvæmt 1. mgr. eða skýrslu framsögumanns og skal hann koma athugasemdum sínum á framfæri í munnlegum málf lutningi.

5. KAFLI  
FLÝTIMEÐFERÐ

*116. gr.*  
*Flýtimeðferð*

1. Eftir að hafa hlýtt á aðila og framsögumann, getur forseti ákveðið að mál sæti flýtimeðferð, ef annar hvor aðilinn fer fram á það, eða af eigin frumkvæði, með hliðsjón af aðstæðum máls eða ef það er talið sérstaklega brýnt.
2. Beiðni um að skera úr um mál með flýtimeðferð þarf að koma fram í sérstöku skjali sem lagt er fram á sama tíma og stefna eða greinargerð, eftir því sem við á. Í þeirri beiðni má taka fram að aðeins megi taka til meðferðar tiltekna málsástæður, lagarök eða röksemdir eða tiltekna hluta stefnu eða greinargerðar sé flýtimeðferð ekki beitt við ákvörðun málsins. Þetta má nánar tiltekið gera með því að láta fylgja stytta útgáfu af stefnunni og skrá yfir viðauka og aðeins þá viðauka sem taka skal tillit til verði ákvörðun málsins veitt flýtimeðferð.

*117. gr.  
Skrifleg málsmeðferð*

1. Þegar mál sætir flýtimeðferð er gefinn eins mánaðar frestur til að leggja fram greinargerð frá því að ákvörðun forseta um að heimila flýtimeðferðina er birt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 107. gr.
2. Samkvæmt flýtimeðferðinni er aðeins hægt að bæta andsvari og gagnsvari við stefnu og greinargerð ef forsetinn telur það nauðsynlegt.
3. Hagsmunaaðilum er heimilt lagt fram skriflegar athugasemdir innan þess frests sem forseti ákveður, en hann má ekki vera skemmri en 15 dagar. Forseti getur farið fram á að slíkar skriflegar athugasemdir takmarkist við meginatriði máls í aðalsök.
4. Í ákvörðun forseta um að mál sæti flýtimeðferð er heimilt að kveða á um skilyrði varðandi umfang og framsetningu málsskjala aðila, síðari meðferð málsins eða málsástæður, lagarök og röksemdir sem leitað er eftir að dómstóllinn taki ákvörðun um.
5. Forseti getur ákveðið að framsögumaður geri ekki skýrslu.
6. Ákvæði 54. gr. gilda um framlögn málflutningskjala. Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 54. gr. telst sá dagur vera framlagningardagur að því er varðar málsmeðferðarfresti þegar afrit af undirrituðum frumritum málsskjala, ásamt atriðaskrá og gögnum sem um getur í 5. mgr. 54. gr., eru lögð inn á skrifstofu dómstólsins með hverri þeirri tæknilegu samskiptaleið sem dómstóllinn getur nýtt, að því tilskildu að undirrituð frumrit málsskjala, ásamt viðaukum og afritum sem um getur í 3. mgr. 54. gr., séu lögð inn hjá skrifstofu dómstólsins eigi síðar en innan fimm daga frá þeim tíma.
7. Ef annar aðilinn uppfyllir ekki eitthvert skilyrðanna í 4. mgr. má afturkalla ákvörðun um að mál sæti flýtimeðferð. Málsmeðferð skal síðan halda áfram í samræmi við almennar reglur.

*118. gr.  
Meðalganga í flýtimeðferð*

1. Með fyrirvara um ákvæði 4. kafla þessa hluta verður að leggja meðalgöngustefnu fram innan þriggja vikna frá birtingu tilkynningar þeirrar sem um getur í 5. mgr. 15. gr. Meðalgönguaðili getur lagt fram athugasemdir sínar innan þess frests sem forseti ákveður, en fresturinn má ekki vera skemmri en 15 dagar.
2. Þegar athugasemdir meðalgönguaðila hafa verið lagðar fram skal forseti gefa aðilum kost á að svara þeirri yfirlýsingu í munnlegum málflutningi.

*119. gr.  
Munnleg málsmeðferð*

1. Þegar greinargerð hefur verið lögð fram skal forseti ákveða dagsetningu fyrir munnlegan málflutning, sem skal þegar í stað tilkynnt aðilum. Forseti getur frestað dagsetningu munnlegs málflutnings ef nauðsynlegt er vegna gagnaöflunar eða sé þess krafist vegna ráðstafana varðandi málsmeðferð.
2. Með fyrirvara um 110. og 111. gr. getur aðili bætt við rökstuðning sinn, og lagt fram frekari sönnunargögn, meðan á munnlegum hluta málsmeðferðar stendur. Aðili skal hins vegar gefa ástæður fyrir seinkun á framlagningu slíks rökstuðnings eða slíkra gagna.



6. KAFLI  
KOSTNAÐUR

*120. gr.*  
*Ákvörðun um kostnað*

Ákvörðun um málskostnað skal taka í dómi eða í úrskurði sem bindur enda á mál.

*121. gr.*  
*Almennar reglur um skiptingu kostnaðar*

1. Mæla skal svo fyrir, að sá aðili sem tapar máli skuli dæmdur til að greiða málskostnað, enda hafi sá sem vinnur málið gert kröfu þess efnis í málflutningi sínum.

Sé um að ræða fleiri en einn aðila, sem tapað hefur máli, ákveður dómstóllinn hvernig skipta skuli greiðslu málskostnaðar milli þeirra.

2. Ef aðili vinnur málið að nokkru en tapar því að nokkru, eða aðstæður eru sérstakar, getur dómstóllinn mælt svo fyrir að skipta skuli málskostnaði eða að aðilar beri hver sinn kostnað. Ef telja má það hins vegar réttlætanlegt með hliðsjón af málavöxtum getur dómstóllinn úrskurðað að annar aðilinn greiði hluta kostnaðar hins aðilans, auk þess að bera eigin kostnað.

3. Krefjist sanngirnissjónarmið þess getur dómstóllinn ákveðið að sá sem tapað hefur máli skuli aðeins greiða hluta kostnaðar hins aðilans auk þess að bera eigin kostnað, eða jafnvel að honum skuli ekki skipað að greiða neinn kostnað.

4. Dómstóllinn getur skipað aðila að greiða kostnað að öllu leyti eða að hluta, jafnvel þótt sá aðili hafi unnið mál sitt, ef telja má að framkoma viðkomandi, þar á meðal áður en málið var höfðað, réttlæti það, sérstaklega ef hann hefur látið gagnaðila bera kostnað sem dómstóllinn telur ósanngjarnan eða tilefnislausan.

*122. gr.*  
*Kostnaður meðalgönguaðila*

1. Hagsmunaaðilar, sem ganga inn í málið eða leggja fram athugasemdir við það, skulu bera sinn eigin kostnað.

2. Dómstóllinn getur ákveðið, að aðrir meðalgönguaðilar en þeir sem nefndir eru í 1. mgr. skuli bera kostnað sinn af máli.

*123. gr.*  
*Kostnaður við niðurfellingu eða afturköllun*

1. Leggja skal málskostnað á aðila sem óskar eftir því að draga sig úr máli eða falla frá þingsókn, ef gagnaðili hefur krafist málskostnaðar í athugasemdum sínum við niðurfellinguna. Þó verður málskostnaður lagður á gagnaðilann að kröfu þess sem óskar eftir að draga sig úr máli eða falla frá þingsókn, ef telja má að framkoma gagnaðilans réttlæti það.

2. Ef aðilar hafa samið um málskostnað skal ákvörðun um málskostnað vera í samræmi við það.

3. Ef málskostnaðar er ekki krafist, skulu aðilar bera hver sinn kostnað.

*124. gr.  
Kostnaður þegar mál fer ekki til dóms*

Þar sem dómi verður ekki lokið á mál fer um málskostnað samkvæmt mati dómstólsins.

*125. gr.  
Málskostnaður*

1. Gjald skal ekki taka fyrir málsmeðferð við dómstólinn, nema:
  - (a) ef aðili hefur valdið dómstólnum ónauðsynlegum kostnaði, getur dómstóllinn mælt fyrir um að hann skuli bæta dómstólnum kostnaðinn,
  - (b) þar sem afrit eru tekin eða þýðingarstarf er unnið að ósk aðila, skal kostnaður, að svo miklu leyti sem dómritari telur hann umfram það sem eðlilegt er, borinn af viðkomandi aðila í samræmi við gjaldskrá skrifstofu dómstólsins samkvæmt 1. mgr. 16. gr.
2. Nauðsynlegur kostnaður sem aðili greiðir vegna fullnustu dóms eða úrskurðar dómstólsins skal endurkræfur úr hendi gagnaðila samkvæmt þeim reglum, sem um það gilda í ríki þar sem fullnusta fer fram.

*126. gr.  
Endurkræfur kostnaður*

Með fyrirvara um ákvæði greinarinnar hér á undan skal litið á eftirfarandi sem endurkræfan kostnað:

- (a) Fé greitt til vitna og sérfræðinga samkvæmt 66. gr.,
- (b) nauðsynlegan kostnað aðila vegna málarekstursins, sérstaklega ferða- og dvalarkostnað, og þóknun umboðsmanna, ráðgjafa og lögmanna.

*127. gr.  
Ágreiningur um kostnað sem á að endurheimta*

1. Ef ágreiningur er um kostnað sem endurheimta á, skal dómstóllinn mæla fyrir um hann samkvæmt kröfu þess aðila sem í hlut á og eftir að gagnaðila hefur verið gefinn kostur á að tjá sig.
2. Aðilar geta, vegna fullnustu dómsins, krafist staðfests afrits af ákvörðuninni.

*128. gr.  
Tilhögun greiðslu*

1. Greiðslur frá dómstólnum skulu inntar af hendi í gjaldmiðli þess lands þar sem dómstóllinn hefur aðsetur.
2. Ef endurheimta á kostnað sem stofnað hefur verið til í öðrum gjaldmiðli en evru eða ef aðgerðir sem á eftir að greiða fyrir áttu sér stað í landi sem notar ekki evru eða ef endurheimta á kostnað sem stofnað var til í öðrum gjaldmiðlum getur hlutaðeigandi aðili valið í hvaða gjaldmiðli kostnaður er endurheimtur. Í slíkum tilvikum skal umreikna gjaldmiðla á opinberu gengi Seðlabanka Evrópu á greiðsludegi. Í undantekningartilvikum getur dómstóllinn takmarkað þetta val.

**V. HLUTI**  
**AFBRIGÐILEG MÁLSMEÐFERÐ**

1. KAFLI  
SKIPAN FRAMSÖGUMANNS

*129. gr.*  
*Verkefni framsögumanns*

1. Að undanskildum þeim stefnum sem vísað er til í 140. gr. skal úthluta þeim beiðnum og stefnum sem vísað er til í þessum hluta og þeirri beiðni um leiðréttingar sem vísað er til í 87. gr. til þess framsögumanns sem bar ábyrgð á því máli sem beiðnin eða stefnan varðar.
2. Ef framsögumaður er forfallaður skal forsetinn úthluta þeirri beiðni eða stefnu, sem um ræðir, til annars dómara.

2. KAFLI  
UPPGJÖR, NIÐURFELLING, MÁL SEM EKKI GANGA TIL DÓMS, FRÁVÍSUNARKRÖFUR OG  
RÉTTARFARSÁGREININGUR

*130. gr.*  
*Samkomulag*

1. Ef aðilar komast að samkomulagi um deiluefni sitt og tilkynna dómstólnum um að þeir falli frá kröfum sínum áður en dómstóll tekur ákvörðun, skal forseti mæla fyrir um að mál skuli tekið af málaskrá og kveða á um kostnað í samræmi við 123. gr. með tilliti til tillagna aðila máls um það efni.
2. Þetta ákvæði tekur ekki til málareksturs samkvæmt 36. og 37. gr. SED.

*131. gr.*  
*Niðurfelling*

Ef stefnandi tilkynnir dómstólnum skriflega eða við þinghald að hann óski eftir því að málið verði fellt niður, skal forseti mæla fyrir um að það verði tekið af málaskrá og taka jafnframt ákvörðun um kostnað samkvæmt 123. gr.

*132. gr.*  
*Mál ganga ekki til dóms*

1. Þar sem ljóst er að dómstóllinn hefur ekki lögsögu til að fjalla um mál eða mál er augljóslega ekki dómtækt eða það skortir augljóslega lagagrundvöll, getur hann, að fenginni tillögu framsögumanns, tekið ákvörðun um málið með rökstuddum úrskurði án frekari málsmeðferðar.
2. Dómstóllinn getur hvenær sem er af eigin frumkvæði, eftir að hafa hlýtt á málflutning aðila, ákveðið með rökstuddum úrskurði hvort forsendur til að taka málið til frekari meðferðar séu fyrir hendi eða lýsa því yfir að málsókn sé orðin tilgangslaus og að ekki þurfi lengur að dæma um hana.

133. gr.

*Frávísunarkröfur og réttarfarságreiningur*

1. Aðili sem krefur dómstóllinn um að skera úr um hvort kæra sé tæk meðferðar eða varðandi önnur réttarfarsleg mótmæli og álitaefni, sem ekki varða efni málsins, skal gera það í sérstöku skjali.
2. Í slíkri kröfu skal greina málsástæður og lagarök sem byggt er á og kröfu stefnanda. Kröfunni skulu fylgja tiltæk gögn henni til stuðnings.
3. Um leið og krafa hefur verið lögð fram skal forseti kveða á um frest fyrir gagnaðila til að leggja skriflega fram lagarök og málsástæður sem byggt er á ásamt kröfu sinni.
4. Málsmeðferð skal að öðru leyti vera munnleg, nema dómstóllinn ákveði annað.
5. Dómstóllinn skal taka ákvörðun um kröfuna eins fljótt og unnt er eða, gefi sérstakar aðstæður tilefni til, fresta því að taka afstöðu þar til hann kveður á um efni málsins.
6. Ef dómstóllinn hafnar kröfu eða frestar að taka afstöðu til hennar, skal forseti ákveða nýja fresti til frekari málsmeðferðar.

3. KAFLI  
ÚTVISTARDÓMUR

134. gr.

*Útivistardómur*

1. Ef stefndi, sem stefna hefur verið réttilega birt fyrir, skilar ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið veittur, getur stefnandi krafist þess af dómstólnum að útivistardómur gangi innan frests sem forseti ákveður.
2. Stefndi í útivistardómi skal ekki hlutast til um útvistarmálið og skal ekki birta honum nein málsskjöl að undanskilinni ákvörðun um að ljúka málsmeðferð.
3. Dómstóllinn skal dæma stefnanda í hag í útivistardómi, nema ljóst sé að dómstóllinn fari ekki með lögsögu til að fjalla um og dæma mál eða málið sé augljóslega ekki dómtækt eða að málið eigi sér augljóslega enga stoð í lögum.
4. Útivistardómur er fullnustuhæfur. Dómstóllinn getur þó heimilað frestun fullnustu þar til hann hefur tekið ákvörðun um kröfu samkvæmt 135. gr., um að fella útivistardóm úr gildi, eða bundið fullnustu því skilyrði að sett verði trygging sem telja má hæfilega og eðlilega miðað við aðstæður. Tryggingu skal skila ef ekki kemur fram krafa um ógildingu, eða ef kröfu þar um hefur verið hafnað.

135. gr.

*Krafa um að fella útivistardóm úr gildi*

1. Heimilt er að setja fram kröfu um að útivistardómur verði felldur úr gildi.
2. Krafa um ógildingu útivistardóms verður að koma fram innan mánaðar frá því dómur var birtur og kröfu ber að leggja fram með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 101. til 103. gr.
3. Eftir að krafa hefur verið birt, kveður forseti á um frest fyrir gagnaðila til að leggja fram skriflegar athugasemdir.
4. Málsmeðferð skal fara fram samkvæmt 54. til 87. gr.

5. Dómstóllinn tekur ákvörðun með dómi, sem ekki verður ógiltur.
6. Frumrit dómsins skal fylgja frumriti útivistardómsins. Skrá skal athugasemd um dóm varðandi kröfu um ógildingu á spássú frumrits útivistardómsins.

#### 4. KAFLI BEIÐNIR OG KRÖFUR TENGDAR DÓMUM OG ÚRSKURÐUM

##### *136. gr. Vandaemt í máli*

1. Dæmi dómstóllinn ekki um tilteknar kröfur eða um málskostnað, getur aðili, sem vill bera það fyrir sig, krafist þess innan mánaðar frá því að ákvörðun var birt að dómstóllinn bæti við ákvörðun sína.
2. Kröfuna skal birta gagnaðila og forseti kveður á um frest fyrir gagnaðila til að gera skriflegar athugasemdir.
3. Eftir að slíkum athugasemdum hefur verið skilað skal dómstóllinn ákveða hvort krafan sé tæk og um efni hennar.

##### *137. gr. Málsókn þriðja aðila*

1. Ákvæði 101. til 103. gr. gilda um stefnu þriðja aðila í máli sem hafið er samkvæmt 38. gr. stofnsamþykktarinnar. Að auki skal í slíkri stefnu tilgreina:
  - (a) dóm eða úrskurð sem ágreiningur ríkir um,
  - (b) með hvaða hætti umdeilda ákvörðunin gengur gegn hagsmunum þriðja aðila,
  - (c) ástæður þess að þriðja aðila var ekki unnt að eiga aðild að upphaflega málinu.
2. Stefnu skal beint að öllum aðilum upphaflega málsins.
3. Leggja skal stefnu fram innan tveggja mánaða frá birtingu ákvörðunar í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.
4. Dómstólnum er heimilt, að kröfu þriðja aðila, að mæla svo fyrir að fullnustu hinnar umdeildu ákvörðunar skuli frestað. Ákvæði 5. kafla þessa hluta eiga við.
5. Stefnuna skal birta aðilum, sem geta gert skriflegar athugasemdir innan þess frests sem forseti ákveður.
6. Þegar aðilum hefur verið gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri skal dómstóllinn taka afstöðu til stefnunnar.
7. Breyta skal hinni umdeildu ákvörðun um þau atriði þar sem kröfur þriðja aðila eru teknar til greina.
8. Frumrit dóms í máli þriðja aðila skal fylgja frumriti hinnar umdeildu ákvörðunar. Skrá skal athugasemd um dóm í máli þriðja aðila á spássú frumrits hinnar umdeildu ákvörðunar.

138. gr.  
*Túlkun dóma og úrskurða*

1. Í samræmi við 39. gr. stofnsamþykktarinnar skal dómstóllinn, ef vafi leikur á merkingu eða gildissviði dóms eða úrskurðar, túlka hann að beiðni hvers aðila sem sýnir fram á að hafa hagsmuna að gæta, eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
2. Beiðni um túlkun skal berast innan tveggja ára frá því að dómur eða úrskurður var kveðinn upp.
3. Beiðni um túlkun skal setja fram í samræmi við 103. til 105. gr. Að auki skal þar tilgreina eftirfarandi:
  - (a) þá úrlausn sem um ræðir,
  - (b) þá hluta sem beðið er um túlkun á.
4. Beina verður beiðni að öllum aðilum þess máls þar sem sú úrlausn féll sem óskað er túlkunar á.
5. Dómstóllinn skal taka ákvörðun með dómi, eftir að hafa gefið aðilum færi á að leggja fram athugasemdir.
6. Frumrit dóms um túlkun skal fylgja frumriti þeirrar ákvörðunar sem túlkuð er. Skrá skal athugasemd um dóm um túlkun á spássíu frumrits þeirrar ákvörðunar sem hún varðar.

139. gr.  
*Endurupptaka*

1. Í samræmi við 40. gr. stofnsamþykktarinnar er einungis heimilt að fara fram á endurupptöku ákvörðunar dómstólsins ef í ljós koma upplýsingar sem hafa úrslitaáhrif og voru dómstólnum ókunnar þegar dómurinn var kveðinn upp eða úrskurðurinn birtur og málsaðila þeim er fer fram á endurupptöku.
2. Með fyrirvara um tíu ára frestinn sem kveðið er á um í 3. mgr. 40. gr. stofnsamþykktarinnar, skal fara fram á endurupptöku innan þriggja mánaða frá þeim degi sem beiðandi fékk vitneskju um þær staðreyndir sem beiðnin byggir á.
3. Ákvæði 101. til 103. gr. eiga við um beiðni um endurupptöku. Að auki skal í slíkri beiðni:
  - (a) tilgreina dóm eða úrskurð sem ágreiningur ríkir um,
  - (b) tilgreina þau atriði í ákvörðuninni sem véfengd eru,
  - (c) setja fram staðreyndir, sem beiðnin er byggð á,
  - (d) tilgreina hvers eðlis þau sönnunargögn eru sem leiða í ljós staðreyndir sem réttlæta endurupptöku og að frestir, sem settir eru í 2. mgr., hafi verið virtir.
4. Beiðni um endurupptöku skal beint að öllum aðilum þess máls sem krafist er endurupptöku á.
5. Með fyrirvara um ákvörðun sína um efni málsins skal dómstóllinn, með hliðsjón af skriflegum athugasemdum aðila, ákvarða með úrskurði hvort beiðnin verði tekin til meðferðar.
6. Ef dómstóllinn lýsir beiðni tæka skal hann í framhaldi af því taka beiðnina til efnismeðferðar og kveða upp dóm um efni hennar samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum.
7. Frumrit dóms um endurupptöku skal fylgja frumriti þeirrar úrlausnar sem endurupptakan varðaði. Skrá skal athugasemd um dóm um endurupptöku á spássíu frumrits hinnar enduruppteknu ákvörðunar.

5. KAFLI  
FRESTUN AÐGERÐA EÐA FULLNUSTU OG AÐRAR BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

*140. gr.*

*Beiðni um frestun eða bráðabirgðaráðstafanir*

1. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 40. gr. SED, kemst því aðeins að, að beiðandi hafi mótmælt henni í máli fyrir dómstólnum.
2. Beiðni um bráðabirgðaráðstöfun, í samræmi við 41. gr. SED, skal því aðeins komast að, að hún sé gerð af þeim sem á aðild að máli fyrir dómstólnum og tengist málinu.
3. Í beiðni af því tagi sem vísað er til í undanfarandi málsgreinum skal lýsa efni aðalmálsins, þeim aðstæðum sem kalla á skjótar aðgerðir og lagarökum og málsástæðum sem skjóta nægjanlegri stoð undir þá bráðabirgðaráðstöfun sem krafa er gerð um.
4. Beiðni skal gera í sérstöku skjali og í samræmi við ákvæði 101. til 103. gr.
5. Beiðni skal birta gagnaðila og skal forseti kveða á um stuttan frest honum til handa til að skila athugasemdum, skriflegum eða munnlegum.
6. Forseta er heimilt að samþykkja ráðstafanir varðandi málsmeðferð eða mælt fyrir um ráðstafanir varðandi gagnaöflun.
7. Forseta er heimilt að taka beiðni til greina áður en gagnaðili hefur skilað athugasemdum sínum. Þeirri ákvörðun má breyta eða fella niður, án kröfu frá aðilum.

*141. gr.*

*Ákvörðun um beiðni*

1. Forseti skal annaðhvort sjálfur taka ákvörðun um beiðni eða vísa henni til dómstólsins.
2. Sé beiðninni vísað til hans skal dómstóllinn taka ákvörðun án ótilhlýðilegrar tafar.

*142. gr.*

*Úrskurður um frestun aðgerða eða bráðabirgðaráðstafanir*

1. Ákvörðun um beiðnina skal taka með rökstuddum úrskurði. Úrskurðinn skal þegar í stað birta aðilum.
2. Fullnustu úrskurðarins má binda því skilyrði, að beiðandi setji tryggingu sem telja má hæfilega og eðlilega miðað við aðstæður.
3. Ef ekki kemur fram í úrskurðinum hvenær bráðabirgðaráðstöfun lýkur, skal henni talið lokið þegar endanlegur dómur er kveðinn upp.
4. Úrskurðurinn hefur aðeins áhrif til bráðabirgða og bindur ekki dóminn við ákvörðun um efni máls.

*143. gr.*

*Breytingar á aðstæðum*

Að beiðni aðila má hvenær sem er, breyta eða fella úr gildi úrskurði, vegna breyttra aðstæðna.

*144. gr.  
Ný beiðni*

Þótt beiðni um bráðabirgðaráðstöfun sé hafnað kemur það ekki í veg fyrir að sá aðili sem hana gerði leggi síðar fram nýja beiðni á grundvelli nýrra málsatvika.

*145. gr.  
Frestun samkvæmt 19. gr. SED*

1. Ákvæði þessa kafla eiga við um beiðnir um frestun á fullnustu ákvörðunar dómstólsins og sérhverrar ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið samkvæmt 19. gr. SED.
2. Þar sem það á við, skal í úrskurði þar sem beiðni er tekin til greina, tilgreina þann dag sem bráðabirgðaráðstöfun á að ljúka.

**LOKAÁKVÆÐI**

*146. gr.  
Viðbótarreglur*

Að höfðu samráði við hlutaðeigandi ríkisstjórnir er dómstólnum heimilt að setja sér viðbótarreglur um starfshætti sína í tengslum við:

- (a) réttarbeiðni,
- (b) umsóknir um gjafsókn,
- (c) skýrslur dómstólsins um óáreiðanleg vitni eða meinsæri vitnis eða sérfræðings sem lagðar eru fram í samræmi við 26. gr. stofnsamþykktarinnar.

*147. gr.  
Framkvæmdarreglur*

Dómstóllinn getur gefið út leiðbeiningar eða reglur um starfshætti, einkum um undirbúning og framkvæmd þinghalds fyrir dómstólnum og um skriflegan málflutning eða athugasemdir.

*148. gr.  
Myndfundir*

Dómstóllinn getur með úrskurði ákveðið viðmið um notkun sína á myndrænum samskiptum og útsendingu.

*149. gr.  
Niðurfelling*

Reglurnar koma í stað málsmeðferðarreglna EFTA-dómstólsins sem voru samþykktar 4. janúar og 1. febrúar 1994, síðast breytt 16. maí 2012.



150. gr.  
*Útgáfa og gildistaka*

1. Málsmeðferðarreglur þessar skulu birtar í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. Enscur texti þeirra er frumgagn.
2. Málsmeðferðarreglurnar skulu opinberlega þýddar af dómstólnum á þýsku, íslensku og norsku.
3. Málsmeðferðarreglurnar taka gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir birtingu þeirra.

**I. VIÐAUKI – ÁKVÖRÐUN DÓMSTÓLSINS FRÁ 12. DESEMBER 2016 UM FRAMLAGNINGU  
OG BIRTINGU MÁLSSKJALA Í GEGNUM E-EFTACOURT (2017/C 73/09)**

**ÁKVÖRÐUN DÓMSTÓLSINS**

**um framlagningu og birtingu málsskjala í gegnum e-EFTACourt**

(2017/C 73/09)

DÓMSTÓLLINN,

hefur með hliðsjón af málsmeðferðarreglum sínum, einkum öðrum undirlið 5. mgr. 32. gr.,<sup>1</sup>

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

[...] getur dómstóllinn, með ákvörðun, mælt fyrir um þau skilyrði sem málsskjal, sem sent er dómstólnum með rafrænum hætti, þarf að fullnægja til að teljast frumrit. [...],

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Viðmótið fyrir rafræna málsmeðferð sem nefnist „e-EFTACourt“ gerir kleift að leggja fram og birta málsskjöl með rafrænum hætti með þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari ákvörðun.

*2. gr.*

Nota skal einstaklingsbundið notendaaudkenni og lykilorð þegar viðmótið er notað.

*3. gr.*

Skjal sem lagt er fram í gegnum e-EFTACourt skal teljast frumrit málsskjals, að því er varðar fyrri málslið 1. mgr. 32. gr. í málsmeðferðarreglum EFTA-dómstólsins,<sup>2</sup> þar sem viðkomandi fulltrúi hefur notað notendaaudkenni sitt og lykilorð við framlagninguna. Slík auðkenning skal teljast undirritun skjalsins sem um ræðir.

*4. gr.*

Með skjali sem lagt er fram í gegnum e-EFTACourt skulu fylgja þeir viðaukar sem vísað er til í því, ásamt skrá þar sem slíkir viðaukar eru taldir upp.

Ekki er gerð krafa um að lögð séu fram staðfest afrit af skjali sem lagt er fram í gegnum e-EFTACourt, eða af viðaukum þess.

*5. gr.*

---

<sup>1</sup> Áttunda málsgrein 54. gr. núverandi málsmeðferðarreglna.

<sup>2</sup> Önnur málsgrein 54. gr. núverandi málsmeðferðarreglna.

Að því er varðar 2. mgr. 32. gr. málsmeðferðarreglnanna<sup>3</sup> telst málskjal hafa verið lagt fram þegar fulltrúinn hefur staðfest framlagningu viðkomandi skjals.

Tímasetningin sem miða ber við er tíminn í Stórhertogadæminu Lúxemborg.

*6. gr.*

Málsskjöl, m.a. dómar og úrskurðir, skulu birtir fulltrúum aðilanna í gegnum e-EFTACourt hafi þeir gefið samþykki sérstaklega fyrir slíkri birtingu, eða ef um er að ræða málarekstur, ef þeir hafa samþykkt slíka birtingu með því að leggja fram málskjal í gegnum e-EFTACourt.

Einnig skal birta ríkjum sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Eftirlitsstofnun EFTA og stofnunum, aðilum, skrifstofum eða umboðsskrifstofum Sambandsins, málskjöl í gegnum e-EFTACourt, að því marki sem þeir hafa samþykkt þessa þjónustuaðferð.

*7. gr.*

Ætluðum viðtakendum skjala sem birt eru og vísað er til í 6. gr. skal tilkynnt um öll skjöl sem þeim eru birt í gegnum e-EFTACourt með tölvupósti.

Málsmeðferðarskjal skal birt á þeim tíma er ætlaður viðtakandi (fulltrúi eða aðstoðarmaður hans) fer fram á aðgang að því skjali. Ef ekki er beðið um aðgang skal skjalið teljast hafa verið birt að liðnum sjöunda degi frá þeim degi þegar tilkynning var send með tölvupósti.

Ef fulltrúar aðila eru fleiri en einn umboðsmaður eða lögmaður skal miða við þann tíma þegar fyrsta beiðnin barst, þegar tímamörk eru ákvörðuð.

Tímasetningin sem miða ber við er tíminn í Stórhertogadæminu Lúxemborg.

*8. gr.*

Dómritari skal setja notkunarskilyrði e-EFTACourt og tryggja að þau séu haldin í heiðri. Hvers kyns notkun e-EFTACourt sem ekki samræmist þessum skilyrðum kann að leiða til þess að viðkomandi reikningur verði gerður óvirkur.

Dómstóllinn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda e-EFTACourt gagnvart hvers kyns misnotkun eða ólögmati notkun.

Notendum skal tilkynnt með tölvupósti um hvers konar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari grein sem koma í veg fyrir að þeir geti notað reikning sinn.

*9. gr.*

Ákvörðun þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Lúxemborg, 12. desember 2016.

---

<sup>3</sup> Fjórða málsgrein 54. gr. núverandi málsmeðferðarreglna.

**II. VIÐAUKI – SKRÁ YFIR LANDSYFIRVÖLD SEM UM GETUR Í 5. MGR. 51. GR., 2. MGR. 64.  
GR. OG 3. MGR. 68. GR.:**

ÍSLAND

Dómsmálaráðuneytið

LIECHTENSTEIN

Dómsmálaráðuneytið

NOREGUR

Hið konunglega dóms- og almannavarnaráðuneyti